

ENDARAÐHÚS Í MOSFELLSBÆ  
Falleg eign í friðsælu hverfi  
Fasteignablaðið  
allt í MIÐJU BLADSINS



SÓLEY KRISTJÁNSDÓTTIR  
Spilar þíkupopp á Rás 2  
Fjörug dagskrá í sumar  
FÓLK 38



www.flugfelag.is  
Flugkortið er greiðslu- og viðskiptakort  
ætlað fyrirtækjum í viðskiptum við Flugfélag Íslands  
FLUGFÉLAG ÍSLANDS  
Fyrirtækjahljónusta

# FRÉTTABLAÐIÐ

15. maí 2006 — 129. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



**Leitað að leikandi krökkum**  
Agnar Jón Egilsson, leikstjóri og leiklistarkennari, leitar að áhugasömum krökkum og stofnar Barna- og unglingaleikhús í Austurbæ.  
MENNING 26

**Er á meðan er**  
„Ég vona að útrás peningamannanna eigi eftir að standa fyrir sínu, þó ekki væri nema til að ég gæti áfram fundið til mín í Kaupmannahöfn,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir.  
Í DAG 18

**Djöflatrú er asnæg**  
Finnsla rokk- og skrímslahljómsveitin Lordi hefur þurft að berjast við kjafta-sögurnar.  
FÓLK 28

**Öskubuska í söngvakeppni**  
Jennifer vann á veitingahúsi í Andorra en er nú fulltrúi þjóðar sinnar í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.  
TILVERAN 12

**VEÐRIÐ Í DAG**

**HÆGVIDRI** - Í dag verður hæg breytileg átt. Bjart með köflum syðra annars yfirleitt skýjað. Hætt við minniháttar skúrum á stöku stað norðan til og síðan á Suðausturlandi. Hiti 3-10 stig mildast sunnan til.  
VEDUR 4

## Eypór Arnalds ók á ljósastaur og stakk af

Efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins í Árborg var handtekinn fyrir ölvunarakstur eftir að hafa stungið af frá ákeysrslu. Sjálfstæðismenn í Árborg sátu á kvöldfundi vegna málsins. Áfall, segir þingmaður flokksins í Suðurkjördæmi.

**KOSNINGAR** Eypór Arnalds, efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins í Árborg, er grunaður um að hafa ekið ölvaður jeppabifreið sinni á ljósastaur á Kleppsvegi í fyrri-nótt. Hann ók af vettvangi en var stöðvaður í Ártúnsbrekku og færður á lögreglustöðina í Reykjavík. Vitni sáu Eypór keyra af vettvangi en unnusta hans var með honum í för. Tekin var skýrsla af Eypóri í gær og játaði hann brot sitt. Málið telst upplýst. Staða Sjálfstæðisflokksins í Árborg hefur aldrei verið betri en á undanförunum mánuðum, en í síðustu könnun Fréttablaðsins mældist flokkurinn með 46,7 prósent

fylgi, miðað við 25,1 prósent í kosningum fyrir fjórum árum. Eypór Arnalds sigraði í prófkjöri flokksins í Árborg með yfirburðum en hann fluttist í héraðið fyrir nokkru. Um tíma var hann vara-borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Ólafur Hafsteinn Jónsson, formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisf-laganna í Árborg, sagði atvikið vera mikið áfall fyrir flokkinn í héraðinu. „Að sjálfsögðu er þetta mikið áfall. Við erum að meta stöðuna en það er erfitt að segja til um hvaða áhrif þetta atvik getur haft á kosningabaráttuna. Við munum halda ótrauð áfram.“

Drífa Hjartardóttir, fyrsti þingmaður Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi, var slegin yfir fréttunum. „Ég er sorgmædd yfir þessu en ætla mér ekki að tjá mig um þetta mál fyrr en ég hef náð tali af Eypóri. En þetta er að sjálfsögðu eitthvað sem menn eiga ekki að gera,“ sagði Drífa en hún var stödd í Berlín þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Sjálfstæðisfélagin í Árborg funduðu um málið í gær. Fundinum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun um kl. 22. Ekki náðist í Eypór Arnalds í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.  
- mh



LANDSBANKAÐEILDIN HAFIN Íslandsmótið í knattspyrnu hófst í gær. Fjórir leikir fóru fram í Landsbankadeild karla og var hart barist í leikjunum. / sjá síðu 32-34



Silvía hlaut óskipta athygli á blaðamannafundinum í gær. Henni var tekið sem sannri stjörnu og hagaði sér eftir því.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Silvía Nótt í Aþenu: Öfunduð en lætur ei bugast

**EUROVISION** Aldrei hafa fleiri setið blaðamannafund hjá Eurovision-þátttakendum en hjá Silvíu Nótt í Aþenu í gærkvöldi. Silvía æfði síðust sem fyrr og var salurinn fullur af fólki. Hún las upp yfirlýsingu vegna hótunar Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva um að reka hana úr keppni vegna blótsyrðis. Silvía, sem kannaðist ekki við vandann á síðasta fundi, sagðist hafa farið ofan í saumana á málinu og komist að því að alls staðar væri ljótt og öfundsjúkt fólk sem reyndi að leggja stein í götu hennar. „Slíkt fólk reyndi að stöðva mig á Íslandi og hérna einnig. Það getur reynt en því mun ekki takast það,“ sagði Silvía og hvatti fólk til að styðja sig áfram og hlaut mikið lofaklapp og hróp að launum. Rómario sleit fundinum þegar Silvía var spurð hvaðan afi hennar væri.  
Sjá síðu 86/gag

Framsóknarflokkur og Listi fólksins tapa fylgi á Akureyri:

## Meirihlutinn héldi ekki

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks á Akureyri virðist fallinn, samkvæmt niðurstöðu nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Framsóknarflokkurinn mælist með 13,1 prósent fylgi og fengi einn mann kjörinn í stað þriggja nú. Jóhannes Gunnar Bjarnason, oddviti Framsóknarflokks, segir niðurstöðuna valda vonbrigðum. „Þetta er ekki í samræmi við það sem ég hef skynjað síðustu daga.“ Sjálfstæðisflokkurinn heldur fjórum bæjarfulltrúum samkvæmt könnuninni og mælist með 34,8 prósent fylgi. Kristján Þór Júlíusson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir könnunina sýna að flokkurinn hefur tiltrú fólks. „En ég bendi á að Sjálfstæðisflokkurinn hefur alla tíð

fengið meira fylgi í könnunum en kosningum.“ Samfylking bætir verulega við sig frá síðustu kosningum og mælist með 22,6 prósent fylgi og fengi þrjá bæjarfulltrúa. „Við viljum gera enn betur og ætlum okkur



það,“ segir Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar. Listi fólksins tapar helmingi fylgis síns frá kosningum, mælist með 8,8 prósent og fengi því mann kjörinn. „Þetta er ögn minna en ég var að vonast til,“ segir Oddur Helgi Halldórsson, oddviti listans. Vinstri grænir tvöfalda tæplega fylgi sitt frá kosningum, mælast með 18,2 prósent og fengju tvo menn kjörna. Baldvin H. Sigurðsson, oddviti flokksins, segir þetta ánægjulegt. „Það eru enn margir óvissir og nú er bara að spýta í lófana.“ Framfylkingarflokkurinn, sem er nýtt framboð mælist með 1,6 prósent fylgi. Hólmur Örn Finnsson, oddviti listans, segir eðlilegt að fylgið sé lítið, þar sem framboðið hafi lítið auglýst.  
- bog/- ss/ sjá síðu 4

**Flugfrakt og sjófrakt**

**ATLANTSSKIP**  
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000

**Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.**

www.xf.is  
www.f-listinn.is





## SPURNING DAGSINS

*Af hverju er svona lítill eftirspurn eftir framboðinu ykkar, Eysteinn?*

Ætli ástæðan sé ekki sú að við höfum ekki verið nógu duglegir að koma skilaboðum okkar til skila.

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins fær A-listi, sameiginlegt framboð Framsóknarflokks og Samfylkingar í Reykjanesbæ aðeins tvo til þrjá bæjarfulltrúa kjörna en Sjálfstæðisflokkurinn fær að minnsta kosti átta.

Samið við starfsfólk sambýla og starfsstöðva fatlaðra. Setuverkfalli verður aflýst:

# Hækka um 12 til 15 prósent

**KJARAMÁL** SFR, stéttarfélag í almannajónustu, og forsvarsmenn Svæðiskrifstofu um málefni fatlaðra, handsöluðu kjarasamninga um átta leytið í gærkvöldi.

Samið var um launahækkanir fyrir starfsmenn á sambýlum og öðrum starfsstöðvum fyrir fatlaða. Hækkunin nemur að meðaltali tólf til fimmtán prósentum. Friðrik Atlason, einn af fulltrúum SFR í samninganefnd segir þá hækkun standast þau markmið sem lagt var upp með í viðræðunum. „Þetta eru sambærileg laun og sveitarfélögin greiða fyrir þessi störf.“

Samningar verða kynntir fyrir trúnaðarmönnum í hádeginu í dag



**SAMNINGAR HANDSALAÐIR** Fulltrúar samninganefndar SFR og Svæðiskrifstofu um málefni fatlaðra náðu samningum í gærkvöldi. Samningar verða undirritaðir seinni partinn í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

og undirritaðir seinni part dags. Fyrirhuguð setuverkföll starfs-

manna í vikunni verða rædd með trúnaðarmönnum í dag.

- jóa



## REYKJARMÖKK LEGGUR FRÁ MERAPI

Búist er við að sprengigos hefjist í eldfjallinu Merapi innan skamms tíma. Enn neita margir íbúar að yfirgefa svæðið þrátt fyrir fyrirskipanir stjórnvalda.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varð við gosi á Indónesíu:

## Eldgosaspár hunsaðar

**INDÓNESÍA, AP.** Vísindamenn hafa í rúman mánuð varað við að Merapi, eitt skæðasta eldfjall eyjunnar Jövu í Indónesíu, geti gosið á hverri stundu. Indónesísk stjórnvöld hafa fyrirskipað íbúum hættusvæða að flytja sig í öruggt skjól. Flestir íbúanna hafa hlýtt fyrirmælum stjórnvalda en aðrir neita að láta flytja sig í burtu.

Gjosi eldfjallið má búast við miklu sprengigosi. Líkur eru á að sjóðandi heit vikuraska, grjót og gas, muni eyða öllu lífi á nærliggjandi svæði.

- re

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Með hass í bílnum** Þrír piltar á unglingsaldri voru teknir með hass í bíl sínum skammt frá barnaleikvelli við Suðurlandsbraut um ellefu leytið í fyrrakvöld. Í bílnum fundust einnig töl til neyslu. Piltarnir voru færðir á lögreglustöð til skýrslutöku.

**Pilts leitað** Lögreglan á Húsavík, ásamt björgunarsveitum á Norðurlandi, leituðu að sautján ára gömlum pilti sem fór fótgangandi frá Grímsstöðum á Fjöllum í fyrrinótt. Pilturinn var illa búinn. Þegar Fréttablaðið fór í prentun stóð leit að piltinum enn yfir.

# Unglingur stunginn og ekið var á annan

Piltur slasaðist alvarlega er hann var stunginn í suðurbæ Hafnarfjarðar um þrjú leytið í fyrrinótt. Hann var fluttur á gjörgæsludeild en hann er nú úr lífs-hættu. Maður á tvítugsaldri hefur játað að hafa stungið piltinn í bakið.

**LÍKAMSÁRÁS** Piltur var stunginn í bakið í Holtunum í suðurbæ Hafnarfjarðar um þrjú leytið í fyrrinótt. Hann var fluttur á bráðadeild Landspítalans í Fossvogi. Áverkar pilsins voru alvarlegir og var hann fluttur af slysadeild á gjörgæsludeild þar sem gert var að sárum hans.

Pilturinn missti mikið blóð en undir morgun var hann sagður úr lífshættu og var hann útskrifaður af gjörgæsludeild í kjölfarið.

Félagi pilsins var ekinn niður er árásmennirnir fóru af vettvangi á bifreið sinni. Hann hlaut ekki alvarlega áverka, en fullvíst þykir að keyrt hafi verið á hann af

ásettu ráði.

Lögreglan í Hafnarfirði fékk tilkynningu um árásina um þrjú leytið og voru sjúkraflutningamenn þegar kallaðir til. Fjölmörg vitni voru að árásinni en flest þeirra voru ungmenni sem héldu til á þeim slóðum þar sem piltarnir urðu fyrir árásinni. Yfirheyrslur yfir þeim klárast á næstu dögum.

Árásarmennirnir voru farnir af staðnum þegar lögreglan kom á vettvang en vitni gátu gefið lögreglu greinargóðar upplýsingar um hverjir hefðu verið að verki.

Nokkru eftir árásina stöðvaði lögreglan bifreið á Kaldárselsvegi

og handtók þrjá pilta og eru þeir grunaðir um árásina. Sá yngsti er sextán ára gamall en elsti nítján ára.

Piltarnir þrír voru yfirheyrðir í gær en að sögn Kristjáns Ó. Guðnasonar, aðstoðaryfirlög-regluþjóns í Hafnarfirði, þykja málsatvik vera skýr. Rannsókn málsins heldur áfram í dag. „Það liggur fyrir játning vegna stungunnar. Það hefur ekki enn verið ákveðið hvort farið verður fram á gæsluvarðhald yfir öllum mönnum eða einungis þeim sem talinn er eiga mesta hlutdeild að málinu.“

magnush@frettabladid.is

**HNÍFSSTUNGA Í HAFNARFIRÐI** Íbúar Hafnarfjarðar eru slegnir yfir árásinni en mörg hafnfirsk ungmenni urðu vitni að því þegar pilturinn var stunginn í bakið í fyrrinótt. Félagi pilsins sem var stunginn var ekinn niður af árásmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Könnun í Hafnarfirði:

## Samfylkingin eykur sinn hlut

**KOSNINGAR** Samkvæmt skoðanakönnun Gallup styrkist meirihluti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn í Hafnarfirði. Samfylkingin fengi 54,6 prósent atkvæða en fékk 50,2 prósent atkvæða í kosningunum.

Sjálfstæðisflokkurinn mældist með 35 prósent atkvæða í könnuninni en hann hlaut 40,6 prósent í síðustu kosningum.

Vinstri hreyfingin - grænt framboð mældist með 6,4 prósent í könnuninni en í kosningunum árið 2002 fékk hún tvöfalt minna fylgi.

Framsóknarflokkurinn mældist með 3,9 prósent en í kosningunum fyrir fjórum árum fékk hann 6,3 prósent.

- mh



**ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS** Hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í samkeppni Evrópuráðs safna um safn Evrópu árið 2006.

Þjóðminjasafn Íslands:

## Eitt besta safn í Evrópu

**VERÐLAUN** Þjóðminjasafn Íslands er eitt þriggja safna sem hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í samkeppni Evrópuráðs safna um safn Evrópu árið 2006. Alls voru 60 söfn úr Evrópu tilnefnd og hlaut Cosmo Caixa, vísindasafn í Barcelona aðalverðlaunin.

„Þetta hefur mikla þýðingu fyrir Þjóðminjasafnið og það er mikill heiður að það sé nú komið í hóp bestu safna í Evrópu,“ segir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

Þjóðminjasafnið var opnað á ný eftir breytingar árið 2004. „Þetta er viðurkenning á því mikla uppbyggingarstarfi sem hefur staðið yfir,“ sagði Margrét.

-bog

## UMHVERFISMÁL

**Loftslagsbreytingar.** Milljónir manna munu líða hörmungar vegna breytinga á loftslagi. Afleiðingar af hlýnun jarðar eru flóð, hungursneyð, sjúkdómar og þurrkar. Kemur þetta verst niður á fátækari þjóðum heims. Slíkt ástand gæti leitt til óeirða. Hjálparsamtök hvetja iðnaðarrikin til að sporna gegn hlýnun jarðar.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Kveikti í brettum** Ölvaður karlmaður kveikti í vörubrettum um hálfþrjú leytið í fyrrinótt í Grafarholti. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað til eftir að tilkynnt hafði verið um brunann og gekk slökkvistarf greiðlega.

## Samfylkingin | Reykjavík 2006

*Byggjum upp öflugan leigumarkað*

*kynntu þér stefnuokrána á [www.xsreykjavik.is](http://www.xsreykjavik.is)*

*Björk Vilhelmsdóttir  
Félagsráðgjafi og formaður  
Velferðarráðs Reykjavíkur, 4. sæti*

Óljóst hvort Michael Hayden taki við stöðu yfirmanns leyniþjónustunnar:

## Framinn hangir á bláþræði

**BANDARÍKIN, AP** Eftir að nýlega kom í ljós að Þjóðaröryggisráð Bandaríkjanna, NSA, hefur haldið leynilegar skrár yfir innanlandssímtöl landsmanna eftir árásmar 11. september 2001, hefur George W. Bush verið gagnrýndur fyrir að hafa veitt heimild fyrir þeim. Umræðan setur einnig ráðningu herforingjans Michaels Hayden í stöðu yfirmanns CIA í voða, þar sem hann var áður yfirmaður NSA og hafði yfirumsjón með hlerunum.

Margir telja frama Haydens hanga á bláþræði þar sem yfirheyrslur vegna málsins hefjast yfir honum næsta fimmtudag. Þar mun Hayden þurfa að útskýra fyrir ráði á vegum leyniþjónustunnar af hverju ráðist var í framkvæmd áætlunarinnar án sérstaks dómsúrskurðar.

Bæði demókratar og repúblikanar hafa gagnrýnt eftirlitsáætlun-



Michael Hayden, til vinstri, og þingmaðurinn Ron Wyden á blaðamannafundi í Capitol Hill síðastliðinn föstudag.

ina. Repúblikaninn Arlen Specter, sem fer fyrir öldungadeildarnefnd dómsmála, telur Hayden verða að veita betri innsýn í verkefnið sem hann hafði umsjón með.

Repúblikaninn Chuck Hagel hefur trú á getu Haydens til að gefa ráðinu greinargóða mynd af eftir-

litsáætluninni. Í nýlegu viðtali á sjónvarpsstöðinni ABC segir Hagel að einungis þurfi að sannfæra bandaríska þjóðina um að verndun á einkalífi þegnanna sé jafn mikilvæg og varnir gegn hryðjuverkum. Efast Hagel ekki um að það takist.

- re



# NÚ LEGGJUM VIÐ SVÍANA AÐ VELLI!



FRÁ 36.500 <sup>\*</sup> KR.

+ Bókaðu flug og miða á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)  
Eingöngu bókanlegt á netinu.

Í júní mætast landslið Íslendinga og Svía í handbolta í tveimur leikjum um þátttökurétt á HM í Þýskalandi 2007. Mjög hefur dregið saman með liðunum tveimur á seinni árum og síðustu tveimur viðureignum þeirra lauk með íslenskum sigri og jafntefli. Því má að þessu sinni búast við hörku-leikjum tveggja frábærra liða þar sem gríðarlega mikið er í húfi. Icelandair gerir þér kleift að sjá bæði úti- og heimaleikinn á hagstæðum kjörum. Fyrri leikurinn fer fram í Globen-höllinni í Svíþjóð þann 11. júní en sá síðarnefndi í Laugardalshöllinni þann 17. júní.








Vildarpunktur  
VISA Ferðaávisun gildir



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

Þetta tilboð til Stokkhólms gefur frá 3.000 Vildarpunktum. \*Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum og miði á Svíþjóð-Ísland þann 11. júní. Takmarkað sætaframboð. Miðasala á leik Íslands og Svíþjóðar hefst á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is) kl. 10:00 mánudaginn 15. maí!



GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 12.05.2006			
KAUP SALA			
	Bandaríkjadalur	70,77	71,11
	Sterlingspund	134,21	134,87
	Evra	91,44	91,96
	Dönsk króna	12,265	12,337
	Norsk króna	11,777	11,847
	Sænsk króna	9,767	9,825
	Japanskt jen	0,6463	0,6501
SDR		106,19	106,83
Gengisvísitala krónunnar			
126,4145			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



**ÁRÁSARHNEIGÐIR KRÓKÓDÍLAR** Krókódíll réðst að ungri konu þegar hún var að skokka og hlaut hún bana af. Krókódíllarnir eru árásarhneigðir á þessum árstíma.

Réðst að konu á landi:

## Skokkari étinn af krókódíl

**AP. BANDARÍKIN** Ung kona lést eftir árás krókódíls í Flórída fyrir helgi. Konan, sem var á þrítugsaldri, var að skokka meðfram siki þegar krókódíll réðst á hana, beit og dró ofan í vatnið.

Talið er að krókódíllinn, sem er þrír metrar á lengd, hafi ráðist að konunni á landi. Hann beit af henni handlegg, í fót hennar og bak. Talið er að konan hafi verið látin áður en hún var dregin í vatnið. Lík konunnar fannst fljótandi í síknu daginn eftir.

Í sömu viku réðst krókódíll að eldri konu meðan hún vann í garði sínum og beit af henni fótinn við ökkla.

Síðan 1948 hafa 25 manns látist eftir árás krókódíls.

4

FRÉTTABLAÐIÐ

15. maí 2006 **MÁNUDAGUR**

Prestur fundinn sekur um morð sem framið var fyrir 26 árum:

# Stakk og kyrkti nunnu

**AP, SAKAMÁL** Bandarískur prestur, Gerald Robinson, var fundinn sekur um að myrða 71 árs gamla nunnu að nafni Margaret Ann Pahl fyrir 26 árum. Presturinn hlaut fimmtán ára til lífstíðar fangelsisdóm.

Glæpurinn átti sér stað í kapellu á Mercy-spítala í Toledo árið 1980 en ekki tókst að færa sönnur á að Robinson hefði framið verkn-aðinn á þeim tíma. 24 árum síðar var presturinn handtekinn eftir að ný sönnunargögn komu í ljós. Ný tækni gerði rannsakendum kleift að greina lífræn sýni af morðstaðnum ásamt því að þrjú vitni gátu staðfest að Robinson hefði

verið í nágrenni við morðstaðinn.

Robinson kyrkti Margaret Ann og stakk hana meira en 30 sinnum. Hann skar mynstur á líkama hennar sem myndaði öfugan kross og smurði blóði á enni nunnunnar henni til niðurlægingar. Robinson sá um útför nunnunnar sem fór fram stuttu eftir morðið.

Þegar lögreglan handtók Robin-son árið 2004 fundust hundruð ljósmynda af líkkistum og líkum á heimili hans. Ættingjar Margaret Ann sögðust lengi hafa grunað Robinson um verknadinn en átt erfitt með að trúá að guðsmaður gæti framið slíkt voðaverk.

- jóa



**HLUSTAÐ Á DÓMSUPPKVÆÐINGU** Gerald Robinson, bandarískur prestur, var fundinn sekur af dómstólum fyrr í vikunni fyrir morð á nunnu. Glæpurinn var framinn fyrir 26 árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkalýðsfélag Húsavíkur:

## Svars beðið um nýsköpun

**BYGGÐAMÁL** Aðalsteinn Á. Baldurs-son, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, væntir þess að fá fljótlega svar við því á hvaða forsendum ASÍ leggst gegn flutningi Byggðastofnunar út á landsbyggð-ina og á hvaða forsendum ASÍ vilji frekar færa stofnanir og sjóði undir Nýsköpunarsjóð.

„Það er víða óánægja meðal landsbyggðarfélaga með þetta útspil varðandi flutning á landsbyggðina. Svo vona ég að það hafi ekki áhrif á afstöðu ASÍ varðandi Nýsköpunarsjóð að sambandið hafi stjórnarmann í Nýsköpunar-sjóði. Ég vona að það sé ekki hluti af skýringunni,“ segir hann.

- ghs

# Framsókn missir tvo fulltrúa og meirihluti heldur því ekki

Framsóknarflokkurinn á Akureyri hefur 13,5 prósent fylgi og fengi einn mann kjörinn, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkur héldi sínum fjórum fulltrúum og því væri meirihlutinn á Akureyri fallinn. Samfylking fengi þrjá menn kjörna, en Listi fólksins og vinstri grænir einn mann hvort framboð.

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur fengi mest fylgi á Akureyri, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

34,8 prósent þeirra sem afstöðu tóku sögðust myndu kjósa flokkinn og samkvæmt því myndi Sjálfstæðisflokkurinn halda sínum fjórum bæjarfulltrúum sem hann hlaut eftir síðustu kosningar. Fylgi flokksins nú er mjög svipað því sem mældist í könnun Félagsvísindastofnunar í apríl, en í þeirri könnun mældist fylgi flokksins 36,5 prósent og flokkurinn hlaut 35,6 prósent atkvæða í síðustu kosningum.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri er nokkuð meira meðal karlmanna en kvenna, samkvæmt könnun Fréttablaðsins. 38,1 prós-ent karla sagðist myndu kjósa flokkinn ef boðað yrði til kosninga nú, en 30,4 prósent kvenna styðja Sjálfstæðisflokkinn.

Samfylking mælist nú næststærsti flokkurinn á Akureyri og segjast 22,6 prósent þeirra sem tóku afstöðu í könnun Fréttablaðsins að þeir myndu kjósa listann nú. Samkvæmt því myndi flokkurinn fá þrjá bæjarfulltrúa kjörna, en hlaut einungis einn fulltrúa eftir síðustu kosningar. Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, Oktavía Jóhannesdóttir, gekk reyndar úr flokknum og til liðs við Sjálfstæðisflokkinn skömmu fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Akureyri og hefur Samfylkingin því engan bæjarfulltrúa nú á Akureyri.

Mun fleiri konur segjast nú myndu kjósa Samfylkinguna en karlar. 29,7 prósent kvenna sögð-

ust myndu kjósa flokkinn á móti 17,1 prósentu karla.


Fylgi Samfylkingarinnar á Akureyri mælist nú nánast það sama og í könnun Félagsvísindastofnunnar, þegar 22,2 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum hlaut Samfylkingin 13,9 prósent atkvæða og því einungis einn mann kjörinn.

Vinstri hreyfingin - grænt framboð mælist nú með þriðja mesta fylgið á Akureyri og segjast 18,2 prósent þeirra bæjarbúa sem tóku afstöðu myndu kjósa listann væri kosið nú. Samkvæmt því myndu vinstri grænir fá tvo bæjarfulltrúa kjörna. Heldur fleiri konur segjast myndu kjósa flokkinn en karlar, eða 20,3 prósent kvenna og 16,6 prósent karla.

Í könnun Félagsvísindastofnunar í apríl sögðust 18,4 prósent myndu kjósa vinstri græna og því hefur fylgið ekki breyst mikið síðan þá. Þetta er rúmlega tvöföld fylgisaukning frá síðustu kosningum þegar flokkurinn hlaut 8,7 prósent atkvæða og einn bæjarfulltrúa kjörinn.

Framsóknarflokkurinn missir verulegt fylgi frá síðustu kosningum og mælist nú með 13,5 prósent fylgi. Samkvæmt því myndi flokkurinn missa tvo bæjarfulltrúa og einugis einn framsóknarmaður yrði í bæjarstjórn Akureyrar eftir kosningar. Fylgi flokksins er nánast það sama meðal karla og kvenna í könnuninni.

Í könnun Félagsvísindastofnunar mældist fylgi Framsóknarflokksins 14,3 prósent, en flokkurinn hlaut 24,1 prósent atkvæða í



síðustu sveitarstjórnarkosningum og hlaut þrjá bæjarfulltrúa kjörna.

Listi fólksins missir einnig mikið fylgi frá síðustu kosningum samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Flokkurinn mælist nú með 8,8 prósent fylgi, sem er helmingi minna en hann hlaut í síðustu kosningum. Samkvæmt því myndi flokkurinn missa einn bæjarfulltrúa og fá einn mann kjörinn. Rúmlega helmingi fleiri karlar segjast myndu kjósa Lista fólksins en konur. 11,6 prósent karla segist styðja flokkinn, en 5,1 prós-ent kvenna.

Í könnun Félagsvísindastofnunar í apríl sögðust 7,9 prósent myndu kjósa Lista flokksins, en flokkurinn hlaut 17,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum og tvo bæjarfulltrúa kjörna.

Nýtt framboð, Framfylkingarflokkurinn, mælist minnsti flokkurinn á Akureyri. Samkvæmt

könnun Fréttablaðsins segjast 1,6 prósent myndu kjósa flokkinn, nánast eingöngu karlmenn. Framfylkingarflokkurinn myndi því ekki ná manni inn.

Hringt var í 600 íbúa Akureyrarkaupstaðs laugardaginn 13. maí og sunnudaginn 14. maí. Skiptust svarendur jafnt milli karla og kvenna. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til kosninga nú? 53,2 prósent þeirra tóku afstöðu til spurningarinnar.

Einnig var spurt hvort svarendur væru fylgjandi gerð sjávarsíkis í miðbænum, eins og skipulag gerir ráð fyrir eftir hönnunarsamkeppni um nýjan miðbæ. 84,5 prósent tóku afstöðu til þeirrar spurningar. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 33,4 prósent vera því fylgjandi að sjávarsíki kæmi í miðbæinn, en 66,6 prósent voru því andvíg.

svanborg@frettabladid.is

**BÍLL DAGSINS**  
**HYUNDAI MATRIX**  
Nýskr 08.04 - Beinskiptur - Ekinn 20 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð  
**1.290.000,-**

50.000kr.  
af bensíni fylgja öllum notuðum bílum

**Ingvar Helgason**  
**NOTAÐIR BÍLAR**  
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HÆGLÆTIS-VEÐUR**

Þegar vindaspárnar eru skoðaðar bendir allt til þess að hæg-viðri verði næstu daga. Í raun mjög keimlíkt veður og verið hefur en þó verður skýjafarið aðeins rokkandi milli einstakra daga. Einnig eru dropar að reiknast hér og hvar á landinu norðanverðu og síðan suðaustan til. Það sem kannski helst vantar nú eru meiri hlýindi til að koma krafti í gróðurinn.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg breytileg átt. Bjart með köflum. Hlið 5-9 stig.

## VEÐURSPÁ

**um hádegi »**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	16°C hálfskýjað	London	19°C skúrir	Alicante	25°C hálfskýjað
Billund	17°C léttskýjað	Paris	17°C rigning	Róm	22°C heiðskirt
Oslo	15°C skúrir	Frankfurt	21°C skúrir	New York	18°C þrumur
Stokkhólmur	15°C skúrir	Madrid	23°C hálfskýjað	San Francisco	16°C hálfskýjað
Gautaborg	13°C hálfskýjað	Friedrichshafen	20°C skúrir	Orlando/Florida	29°C heiðskirt

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**» á morgun**

Hæg, breytileg átt.

**» miðvikudagur**

Hæg, breytileg átt.





ENMEM / SIA / NM21499

Það þarf ekki  
að stimpla sig  
inn hér

# KB LÍFEYRIR

... þú átt það inni!

Þegar þú þarft ekki lengur að mæta til vinnu eftir langa starfsævi viltu njóta lífsins. Búðu þig undir spennandi starfslok með því að ávaxta skyldu- og viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn hjá KB banka í KB Lífeyri.

Yfir 70 þúsund einstaklingar eru með lífeyrissparnað sinn í KB Lífeyri og þeir sem eru einnig í viðskiptum við KB banka njóta enn betri kjara í bankapjónustu.







## KJÖRKASSINN

Ætlarðu að sækja viðburði Lista-hátíðar?

Nei	84,4%
Já	15,6%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að hætta við byggingu há-tæknisjúkrahúss við Hringbraut?

Segðu þína skoðun á Vísiris

VÍSIR

Samfylkingin í Kópavogi kynnir stefnumál:

# Áhersla á mál eldri borgara

**SAMFYLKINGIN** Samfylkingin í Kópavogi kynnir sín helstu stefnumál á blaðamannafundi í gær. Að sögn Guðríðar Árnadóttur sem skipar fyrsta sæti flokksins er megináhersla flokksins lögð á vel-ferðarmál eldri borgara og skólamál. Þá hyggst flokkurinn til dæmis fjölga hjúkrunarrýmum, efla heimaþjónustu hjá öldruðum og virkja tómstundir þeirra.

Markmiðin í skólamálum beinast meðal annars að því að flytja tómstundirnar inn í skólana svo að skólastarfi verði lokið þegar heim er komið. Einnig segir í stefnuskrá flokksins að Samfylkingin vilji lækka þátttökugjöld barna og



**SAMFYLKINGIN Í KÓPAVOGI** Flokkurinn kynnir stefnumál sín á sunnudaginn og þar vögu þingst mál eldri borgara og skólamál.

unglinga í íþrótt- og tómstundaráði til að tryggja jöfn tækifæri óháð efnahag foreldra.

Fleiri mál á stefnuskrá flokksins eru til dæmis að veita meira fé

til leikskóla, efla menningar- og listastarf barna og unglinga, tryggja að fatlaðir búi við öryggi og lífsgæði og virkja samráð við íbúa í skipulagsmálum.

-bog

Heilbrigðisstofnun stækkuð:

## Þriðju hæðinni bætt við

**HEILBRIGÐISMÁL** Ákveðið hefur verið að stækka Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Stefnt er að því að bæta einni hæð við þær tvær sem fyrir eru í húsakynnum stofnunarinnar og þannig koma til móts við þá miklu þörf sem er fyrir hjúkrunarrými.

Framkvæmdasýsla ríkisins mun sjá um að hönnunarvinnu ljúki sem fyrst svo hægt verði að hraða framkvæmdum. Ráðgert er að á þriðju hæð húsnaðis Heilbrigðisstofnunarinnar verði íbúðir af ýmsum stærðum og gerðum sem komi til móts við þarfir þeirra sem þar dvelja.

-aðe

Aðgerðir gegn hraðakstri:

## Vill hraða-myndavélar

**UMFERÐ** Reykjavíkurborg mun leita samstarfs við lögreglu og ríkisvaldið um að koma upp fóst-



HRADANN EDA LÍFIÐ?

um hraða-myndavélum á helstu hraðakstursstöðum í borginni.

Þessi tillaga borgarstjóra var samþykkt á fundi borgarráðs á fimmtudaginn. Gert er ráð fyrir að fastar hraðamyndavélar á þeim stöðum þar sem aðstæður bjóða helst upp á lögbrotin geti spornað við ofsakstri sem mikið hefur borið á undanfarið. Eru Ártúnsbrekka, Sæbraut og Breiðholtsbrautin nefnd sem dæmi.

-sdg

Slagsmál í Keflavík:

## Lömdu tvo dyraverði illa

**SLAGSMÁL** Fimm menn voru handteknir vegna slagsmála sem brutust út á skemmtistað í Keflavík um hálf þrjú leytið í fyrrinótt.

Lögregla var kölluð til vegna slagsmála en ráðist hafði verið á þrjá dyraverði. Tveir þeirra voru lemstraðir eftir slagsmálin og þurftu að leita til læknis.

Annar mannanna var saumaður í andliti en talið er að hann sé kinnbeins- og nefbrotinn. Hinn var með töluverða áverka í andliti en talið var að hann hefði brákast á kinnbeini auk þess sem hann marðist.

Mennirnir sem lögreglan handtók voru allir drukknir og voru þeir vistaðir í fangageymslu lögreglunnar í Keflavík.

-mh



**SLÖSUDUM KOMIÐ TIL HJÁLPAR** Tveir óbreyttir borgarar féllu þegar almenningssvagn í Bagdad var sprengdur upp. Sprengjunni var ætlað að hitta nálægur lögreglusveitir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Á fjórða tug féll í Írak

Mikið mannfall varð í Írak um helgina. Bandarískir og íraskir ráðamenn segja brýnt að sátt náist um stjórnarmyndun, fyrr ljúki ekki blóðugum átökum.

**ÍRAK, AP** Blóðug helgi er að baki í Írak þar sem hátt í 40 féllu í átökum.

Fjórtán Írakar féllu og sex særðust þegar tvær sjálfsmorðs-sprengjur sprangu í vegkanti á hraðbraut sem liggur að alþjóðaflugvöllinum í Írak. Vegurinn er talinn einn sá hættulegasti í heiminum en árásum þar hafði fækkað verulega síðasta árið í kjölfarið á hertu eftirliti.

Tölf létust í samtals fimm sprengingum við vegkant í Bagdad í gær. Ein þeirra sprakk á fjölförnum götumarkaði þar sem þrír féllu og fimmtán særðust. Sprengju var beint að lögreglusveitum en lenti í staðinn á almenningssvagni með þeim afleiðingum að tveir Írakar fórust. Fjórir uppreisnarmenn féllu í átökum við lögreglusveitir í suðvestur Bagdad. Fjórir Írakar fundust látnir í miðborg Bagdad með skotsár í höfði og bundnar hendur. Öðrum fimm Írökum var



**RÚSTIRNAR KANNADAR** Íraskur drengur skoðar eyðileggingu sprenginga sem urðu á hraðbraut nálægt alþjóðaflugvöllinum í Írak.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

rænt af heimilum sínum af uppreisnarmönnum. Tveir íraskir bakarar féllu og tveir borgarar særðust þegar maður hóf skotárás við bakarí í Bagdad.

Tveir bandarískir hermenn fórust í sprengiárás um kvöldmatarleytið í gær austur af Bagdad. Tveir breskir hermenn féllu í sprengjuárás við eftirlitsferð í Basra á laugardag og annar særð-

ist. Sex sprengjur sprangu í norðurluta Bagdad sama dag, flestar við helgistaði Síja.

Mikil spenna ríkir á milli trúarhópa í Írak meðan stjórnarviðræður standa yfir í íraskka þinginu. Átök helgarinnar setja enn frekari pressu á Nouri al-Maliki, sitjandi forsætisráðherra, að ná sátt um stjórnarmyndun en samningaviðræður hafa gengið treglega. Fulltrúar súnní- og síja-múslima hafa hótad að draga sig út úr stjórnarmyndunarviðræðum og telja ráðamenn brýnt að sátt náist sem fyrst svo dragi úr átökum í landinu. Nouri al-Maliki hefur viku frest til að ljúka stjórnarmyndun.

Friður er ekki í sjónmáli í Írak. Í aprílmánuði einum féllu hátt í þúsund manns í átökum trúarhópanna. Árásir helgarinnar eru þær skæðustu í marga mánuði. Flestir þeirra sem létu lífið voru óbreyttir borgarar.

johannas@frettabladid.is

Óvenjulegar veðuraðstæður í norðurluta Evrópu:

## Frjókornaský sést úr geimnum

**LOFTMENGUN** Hljá loftið, sem svo skyndilega bar snemmbúna sumarkomu til Íslands, hefur einnig borið hingað norður í höf loftmengunarský sem eiga uppruna sinn á austanverðu meginlandi Evrópu. Vísindamenn á Svalbarða hafa síðustu daga mælt meira magn mengunaragna í loftinu þar en nokkru sinni frá því mælingar hófust.

Er þetta rakið til þeirra óvenjulegu veðuraðstæðna sem ríkt hafa í norðanverðri Evrópu undanfarið, þar sem þurrt og hlýtt loft af meginlandinu hefur dælst yfir Skandinavíu og allt hingað norður og vestureftir.

Það sem þykir þó einna eftirtektarverðast er að þétt frjókornaský hefur borist með þessum þurra og hlýja vindi yfir Norðursjóinn og alla leið út á Norður-Atlantshaf. Þetta gulleita frjókornaský hefur komið skýrt og



**FRJÓKORNASKÝ YFIR NORÐURSJÓ** Á þessari gervihnattarmynd sem tekin var í síðustu viku sést frjókornaskýið vel.

LÖSAMYND/EUMETSAT

greinilega fram á myndum frá veðurgervihnöttum.

Einkum og sér í lagi hafa birki-trén í þessum hluta álfunnar verið iðin við að framleiða frjókorn síðustu vikur. Í Danmörku mældust 4.381 birki-frjókorn í hverjum

rúmmetra lofts, sem er vel yfir fyrra meti sem var sett fyrir þrettán árum, en þá mældust 3.899 frjókorn í rúmmetra. Þetta er rakið til mjög hagstæðra aðstæðna, sem sköpuðust við rigningartíð í apríl en hlýja og sólríka daga í maí. -aa

LYFJA

- Lífið heil

**+FERSKARI LÍKAMI "DETOX" TVENNA**

**+ Þú kaupir eitt glas af Vega Champignon og færð eitt glas af Vega Milk Thistle í kaupauka.**

Champignon +FOS og Spirulina- inniheldur mikið af æskilegum vítamínum og næringarefnum, léttir undir með hreinsunarferli líkamans, hefur jákvæð áhrif á þarmaflórana og dregur úr líkamslykt. Milk Thistle léttir undir með hreinsunarferli líkamans og gefur ferskara útlit.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Eglistöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupsstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungavík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grindarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduós - Hvammstanga - Skagastránd - Selfossi - Laugarási

**TABBERT hjólhýsi**

-þýsk hjólhýsi í hæsta gæðaflokki!

**Tjaldvagnaland**

SEGLAGERÐIN JEGIR

www.seglagerdin.is Eyjarsíð 3, sími 511 3200



# Heilsudagar í Nóatúni

HODGSON MILL

20%

afsláttur

Lífrænt



Nóatún – á grænni grein!



GOOD'N NATURAL

NÁTTÚRULEG VÍTAMÍN OG BÆTIEFNI

30%

afsláttur

Nýtt í  
Nóatúni!



KISS MY FACE

NÁTTÚRULEGAR HÁR- OG HÚÐSNYRTIVÖRUR UNNAR ÚR LÍFRÆNT RÆKTUÐUM JURTUM

20%

afsláttur



DANSKI KÚRINN

20%

afsláttur



Lífrænt

BIOLINE PIZZUR  
ÚR LÍFRÆNT RÆKTUÐU

199 kr.  
stk.

NÓATÚN





### VEISTU SVARIÐ?

1

Hvaða flokkur hefur auglýst mest í blöðum fyrir komandi sveitastjórnarkosningar?

2

Hvað er elsti íbúi Hafnarfjarðar gamall?

3

Hvaða lið sigraði í úrslitaleik enska bikarsins á laugardaginn?

SVÖR Á BLS. 38

8

FRÉTTABLAÐIÐ

15. maí 2006 MÁNUDAGUR

## Páll Magnússon segir gagnrýni forsætisráðherra ekki beinast gegn RÚV almennt: Beint að þætti í hljóðvarpi

**RÍKISÚTVARPIÐ** Páll Magnússon, útvarpsstjóri, segist hafa vitað af þeirri skoðun Halldórs Ásgrímssonar að honum þætti Ríkisútvarpið fjalla með einhliða hætti um virkjanamál á Austurlandi, en í viðtali við Fréttablaðið sagði Halldór Ríkisútvarpið vera í ákveðinni krossferð gegn virkjanaframkvæmdunum á Austurlandi.

„Mér var kunnugt um skoðun Halldórs á þessu máli. Ef ég skil málið rétt þá er hann að ræða um umfjöllun í einum tilteknum þætti í hljóðvarpinu, en ekki í Ríkisútvarpinu í heild sinni,“ segir Páll.

Páll telur Ríkisútvarpið geta bætt umfjöllun sína á öllum sviðum, líkt og aðrir fjölmiðlar. „Ég tel RÚV geta staðið sig betur en það gerir og það er okkar stefna að reyna eftir fremsta megni að bæta þjá þjónustu sem við erum að bjóða upp á í almannabágu. Það á við um alla held ég, það geta allir gert betur en þeir eru að gera í dag, jafnvel forsætisráðherra sjálfur.“

Halldór Ásgrímsson sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að hann



**PÁLL MAGNÚSSON** Segir RÚV geta bætt þjónustu sína.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Gagnrýnir Ríkisútvarpið fyrir einhliða umfjöllun um virkjanamál.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hafi ekki alltaf verið ánægður með Ríkisútvarpið, þar sem það væri miðill sem almenningur ætti að geta gert ríkari kröfur til.

-mh

Blair til bjargar:

## Hluthöfum hótað

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Breta, vill setja lög sem tryggja persónuleynd hluthafa í fyrirtækjum sem stunda dýrarannsóknir. Hluthöfum í bresku lyfjafyrirtæki hafa borist hótanir þess eðlis að nöfn og heimilisfang þeirra yrðu sett á Netið, seldu þeir ekki hlutabréf sín. Hótanirnar koma frá samtökum dýraverndunarinnna.

Blair segist ætla að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að ofsóknir af þessu tagi endurtaki sig.

-re

Nunnur fyrir rétti í Líbíu:

## Fá ekki lausn gegn tryggingu

**LÍBÍA, AP** Líbískir dómstólar hafa neitað að sleppa lausum gegn tryggingu fimm búlgörskum hjúkrunarkonum og einum palestínskum lækni, sem eru sökuð um að hafa viljandi sýkt 426 líbísk börn af HIV-veirunni á líbísku sjúkrahúsi í misheppnaðri tilraun til að finna lækningu við eyðni. Talsmenn heimalanda fólksins segja fólkið saklaust og blóra-böggla, raunveruleg orsök þess að börnin smituðust mætti rekja til ónógs hreinlætis á sjúkrahúsinu.

Fólkið var handtekið í febrúar 1999 og dæmt til dauða árið 2004, en Hæstiréttur Líbíu ákvað að taka yrði málið upp á ný. Hófust réttarhöldin á fimmtudag.

Grunur leikur á að fólkið hafi verið pyntað í fangelsi og að konunum, sem eru nunnur, hafi verið nauðgað.

- smk

Fimm mánaða síamstvíburasystur í Bandaríkjunum:

## Voru aðskildar í sjö klukkutíma aðgerð

**AP, MINNEAPOLIS** Síamstvíburarnir Abbigail og Isabella Carlsen voru aðskildar með skurðaðgerð fyrir helgi. Systurnar voru í aðgerð í hartnær sjö klukkustundir.

Pegar systurnar fæddust fyrir fimm mánuðum voru þær samvaxnar á þind, brisi og lifur ásamt því að deila gallvegi og hluta af þörmunum. Auk þess lá hluti af hjarta Isabellu í líkama systur hennar og því þurfti að færa það til. Um þrjátíu manns tóku þátt í aðgerðinni. Henni var lýst af læknum sem hverri stóraðgerðinni á fætur annarri.

Systurnar eru nú að jafna sig eftir aðgerðina í sitthvoru rúminu og eru lífslíkur þeirra taldar góðar.

- jóa



FRÁ AÐGERÐINNI Þrjátíu lækna og hjúkrunarfræðingar tóku þátt í aðgerðinni þar sem Abbigail og Isabella voru aðskildar.



AF VETTANGI Á RAUÐARÁRSTÍG Slökkviliðsmenn á höfuðborgarsvæðinu höfðu í nógu að snúast um helgina en mikið var um bruna á föstudag og laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikið álag á slökkviliði

Sjö voru flutt á slysadeild vegna gruns um reykeitrun. Slökkvilið var kallað út tuttugu og fimm sinnum.

**SLÖKKVISTARF** „Það var gríðarlega mikið álag á slökkviliðsmönnum um helgina,“ sagði Jóhann Viggó Jónasson, aðstoðarvarðstjóri í slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, en slökkviliðið var margsinnis kallað út vegna bruna víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Um sjö leytið í gærmorgun kom upp eldur á Rauðarárstíg 40 og varð íbúðin fljótt alelda. „Það var mikill eldur í íbúðinni og mikill hiti sem gerði slökkvistarf erfitt,“ sagði Jóhann.

Þrír íbúar í húsinu, sem er fjölbýlishús, voru fluttir á slysadeild vegna gruns um reykeitrun.

Ljóst þykir að upptök eldsins hafi verið í stofu íbúðar á efstu hæð hússins en óljóst er hver eldsupptökin voru.

Reykfagarar slökkviliðsins notuðust við hitamyndavélar við störf sín en slökkviliðið er nýbúið að fá þennan búnað. „Myndavélnar reyndust afar vel,“ sagði Jóhann en með þeim má greina hita og hvar líkleg eldsupptök eru.

Íbúðin er mikið skemmd vegna elds, hita og reyks.

Slökkviliðið var kallað að veitingastaðnum Skólalabré seint í

fyrirakvöld vegna elds sem kom upp í kjallara veitingahússins, við kælitæki sem þar er.

Starfsmenn staðarins voru búnir að rýma staðinn þegar slökkviliðið kom á vettvang en margt fólk var í mat á staðnum þegar eldurinn kom upp.

Fjórir starfsmenn Skólalabráu voru fluttir á slysadeild vegna gruns um reykeitrun en slökkvistarf gekk vel fyrir sig, þrátt fyrir mikinn reyk og hita.

Töluverðar skemmdir urðu á staðnum vegna reyks.

Slökkviliðið var á sama tíma kallað að Álfstanesskóla vegna elds í klæðningu. Ungmenní köstuðu heimatilbúinni bensínsprengju í skólann með þeim afleiðingum að eldurinn læsti sig í klæðninguna. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en litlu munaði að illa færi.

Slökkviliðsmenn voru útkeyrðir eftir helgina en slökkviliðið var kallað út 25 sinnum föstudag og laugardag vegna bruna á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess var slökkviliðið kallað út næstum tvö hundruð sinnum vegna sjúkraflutninga.

magnush@frettabladid.is

Dæmdur í árs fangelsi fyrir að vera með fíkniefni:

## Annar átti buxurnar

**DÓMSMÁL** Kristján Markús Sívars-son hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til eins árs fangelsisvistar vegna brots á fíkniefnalögum. Honum var gert að greiða málsvarnarlaun.

Það var í nóvember 2005 að lögreglumenn fóru á heimili Kristjáns Markúsar til að leita föður hans. Fundu þeir hass á stofuborði í íbúð Kristjáns Markúsar, sex kannabisbúta í buxnavasa hans og í stofuskáp, samtals rúmlega sjötfu grömm. Hann kvað vin sinn, sem hann tilgreindi, eiga efnin. Vinurinn viðurkenndi í yfirheyrslu hjá lögreglu að eiga þau. Kristján Markús neitaði hins vegar sök.

Hassið sem fannst í vasa hans útskýrði hann þannig að vinurinn hefði komið í heimsókn með hassið og þeir hefðu haft buxnaskipti.

Dómurinn taldi að framburður mannanna hefði verið ruglingslegur og ótrúverður og „saga þeirra um buxnaskiptin kostuleg.“ Var vinurinn sýknaður.

Kristján Markús á að baki margvíslegan sakaferil, líkamsárásir, meðal annars hrottalega árás við Skeljagrandu, og þjófnad. Árið 2003 var hann dæmdur í fangelsi í þrjú og hálft ár. Hann var á reynslulausn þegar fíkniefnabrotið var framið og var hún dæmd upp og mannum gerð refsing í einu lagi.

-jss



NISSAN NOTE



## NÝR FJÖLSKYLDUBÍLL FRÁ NISSAN

### Krakkabíll með karakter!

Nissan NOTE hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir NOTE að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki. NOTE er bíll fyrir alla fjölskylduna, líka krakka með karakter!

**Prófaðu Note og fáðu miða í bíó!**  
Allir sem koma og reynsluaka nýjum NOTE fá miða á IceAge eða Hoodwinked meðan birgðir endast!

	Vél.	Hö.	Gírskipting	Verð
NOTE Visia	1,4	88	Beinskíptur	1.740.000 kr.
NOTE Visia	1,6	110	Sjálfskiptur	1.950.000 kr.
NOTE Tekna	1,6	110	Sjálfskiptur	2.090.000 kr.

Geymsluhólf - kæli fyrir drykki - öryggisþúðar - dótahólf - borð - ným-gott farangursrými

50.000 kr. kaupauki!

50.000 kr. bensinkort frá EGO fylgir öllum nýjum Nissan bílum!



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opíð: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16





# VÍÐTÆKASTA FERÐAFRÍÐINDAKERFI LANDSINS

MASTERCARD FERÐAÁVÍSUN  
– ERT ÞÚ MEÐ RÉTTA KORTIÐ?

## 23 samstarfsaðilar – allar tegundir ferðalaga

Nú er tíminn til að skipta og safna í MasterCard ferðaávísun



Ef flug er keypt hjá British Airways þá er ferð að fullu greidd á netinu og ferðareikningur og ávísun send í þjónustuver MasterCard, Ármúla 28 - 30, 108 Reykjavík og við leggjum andvirði ávísunar inn á kortið þitt.



Sæktu um MasterCard kort með ferðaávísun hjá þínum banka eða sparisjóð og þú færð:

- 5.000 kr. stofnávísun án tengigjalds
- Alltaf hægt að nýta ávísun upp í ferð hvort sem hún er 1.000 kr. – eða 100.000 kr. og allt þar á milli
- Krónusöfnun á innlenda veltu
- Ávísun sem hægt er að nýta hjá þeirri ferðaskrifstofu eða flugfélagi sem þú velur
- Ávísun sem hægt er að nýta í netflug, sólarlandaferð, borgarferð, viðskiptaferð – PITT ER VALID!





**HERSTÖÐ MÓTMÆLT** Fjöldamótmæli urðu í Suður-Kóreu vegna fyrirhugaðrar stækkunar bandarískrar herstöðvar í Pyeongtaek í gær. Til átaka kom á milli um tvö þúsund mótmælenda og óeirðalögreglu, þegar andófsmenn lögðust í götuna og hrópuðu slagorð á móti áætluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## AKRANESKAUPSTAÐUR

Íbúafjöldi 1. des. 2004: 5.655 - 1. des. 2005: 5.782

### ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002:

Fjöldi íbúa á kjörskrá: 3.950  
Fjöldi greiddra atkvæða: 3.067 (77,6%)  
Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn: 9

#### Listi Framsóknarflokksins (B)

767 atkvæði - 2 fulltrúar

#### Listi Sjálfstæðisflokksins (D)

1.034 atkvæði - 4 fulltrúar

#### Akraneslistinn -

Listi Samfylkingarinnar (S)

956 atkvæði - 3 fulltrúar

#### Listi Vinstrihreyfingarinnar

græns framboðs (U)

197 atkvæði - 0 fulltrúar

#### Bæjarfulltrúar B-lista:

Guðmundur Páll Jónsson  
Magnús Guðmundsson

#### Bæjarfulltrúar D-lista:

Gunnar Sigurðsson  
Guðrún Elsa Gunnarsdóttir  
Jón Gunnlaugsson  
Pórður P. Þórðarson

#### Bæjarfulltrúar S-lista:

Sveinn Kristinsson  
Kristján Sveinsson  
Ágústa Hjördís Friðriksdóttir

#### KOSNINGAR 2006:

##### Efstu menn B-lista, Framsóknarflokks:

- Guðmundur Páll Jónsson bæjarstjóri
- Magnús Guðmundsson forstjóri
- Guðni Tryggvason verslunarmaður

- Dagný Jónsdóttir, verkefnisstjóri starfsmannamála
- Helgi Pétur Magnússon nemi

##### Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisflokks:

- Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri
- Sæmundur Viglundsson byggingatæknifræðingur
- Eydís Aðalbjörnsdóttir landfræðingur
- Pórður P. Þórðarson bifreiðastjóri
- Björn Elíson markaðsfulltrúi

##### Efstu menn F-lista, Bæjarmála-félags frjálslyndra og óháðra:

- Karen Jónsdóttir viðskiptafræðingur
- Magnús Þór Hafsteinsson, fiskifræðingur og alþingismaður
- Rannveig Bjarnadóttir grunnskólaleiðbeinandi

- Sæmundur T. Halldórsson verkamaður
- Kristinn Jens Kristinsson öryrki

##### Efstu menn S-lista, Samfylkingar:

- Sveinn Kristinsson bæjarfulltrúi
- Hrönn Ríkharðsdóttir aðstoðarskólastjóri
- Anna Lára Steindal siðfræðingur
- Sigrún Ósk Kristjánsdóttir háskólanemi
- Hrafncell Proppé garðyrkjumaður

##### Efstu menn V-lista, vinstri grænna:

- Rún Halldórsdóttir læknir
- Sigurður Mikell Jónsson háskólanemi
- Halla I. Guðmundsdóttir kennari
- Hjördís Garðarsdóttir háskólanemi
- Heiðar Mar Björnsson verkstjóri



## VEFSMÍÐI

### Vefsíðuggerð framhald

Námskeið ætlað þeim sem vilja halda áfram og bæta við kunnáttu sína og getu við gerð faglegra vefsvæða. Ásamt kennslu á forritið Dreamweaver kynnast nemendur gagnagrunnstengdum vefsvæðum. Farið er stuttlega í gerð gagnagrunnstafna með Microsoft Access og hvernig tengja má vefsíður við gagnagrunna.

Einnig er farið í notkun CSS stíla fyrir vefsíðuggerð.

Námskeið þetta hentar vel þeim nemendum sem tekið hafa Vefsíðuggerð grunn, grunnnámskeið í Dreamweaver eða hafa sambærilega þekkingu eða undirstöðu.

Lengd: 36 stundir. Hefst 17. maí og lýkur 31. maí. Verð kr. 39.000,-



**TÖLVUSKÓLINN**  
**ÞEKking**

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



AKRANES Spurningin er hvort meirihluti síðustu kjörtímabíla nái að halda velli.

Útlit fyrir tvísýnar kosningar á Akranesi:

# Ný framboð skapa spennu

**KOSNINGAR** Á Akranesi hefur meirihluti Samfylkingar og Framsóknar stýrt undanfarin tvö kjörtímabil. Munurinn er þó aðeins einn maður og raunar munaði einungis þremur atkvæðum síðast að þriðji maður Framsóknar felldi fjórða mann Sjálfstæðisflokks.

Síðast buðu fjórir listar fram en listi vinstri grænna kom engum manni að. Þeir reyna nú aftur og svo bætist við framboð frjálslyndra og óháðra, þannig að Akur-

nesingar hafa úr óvenju mörgum listum að velja. Eflaust dreifast atkvæðin eitthvað meira fyrir vikið og því má gera ráð fyrir tvísýnum og spennandi kosningum.

Sjálfstæðismenn voru með góða stöðu samkvæmt könnun NFS en hún var vel að merkja gerð áður en öll framboð voru ljós. Þeir eru einir um að hafa tilkynnt um bæjarstjóraefni, sem er Gísli Einarsson fyrrum þingmaður Samfylkingar og er óhætt

**SVEITARSTJÓRNAR KOSNINGAR**  
Akraneskaupstaður  
**2006**

að segja að þau tíðindi hafi vakið athygli.

Allir flokkar ganga óbundnir til kosninga en haldi núverandi meirihluti sínum hlut eru miklar líkur á að þeir nái saman á ný um stjórn bæjarins.

- ssal



**TÍMI TIL AÐ LÆKKA LEIKSKÓLAGJÖLD UM 25% 1. SEPTEMBER 2006 OG AÐ FORELDRAR GREIÐI ALDREI FYRIR FLEIRI EN EITT BARN Á LEIKSKÓLA SAMTÍMIS**

Fjölskyldustefna Sjálfstæðisflokksins og önnur stefnumál á betriborg.is



SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN

Gunnar Sigurðsson D-lista:

## Stefnt á hreinan meirihluta

Gunnar Sigurðsson er oddviti D-listans og hefur verið síðustu tólf ár. Undanfarin tvö kjörtímabil hefur listinn verið í minnihluta. „Þessu þurfum við að snúa við ekki bara okkar vegna heldur vegna bæjarbúa,“ segir Gunnar og leggur áherslu á að listinn stefni að hreinum meirihluta. Hann býður fram bæjarstjóraefni sem vakið hefur athygli, en það er Gísli Einarsson fyrrverandi alþingismaður Samfylkingar.

Gunnar segir forgangsmál D-listans að auka þjónustu. „Við viljum byggja í og við dvalarheimilið Höfða til að útrýma biðlistum og byggja nýjan leikskóla og nýtt hús fyrir tónlistarskólann.“ Umhverfis- og skipulagsmál eru líka ofarlega á blaði. „Hér hefur verið löðaskortur undanfarin ár sem sést best á því að við erum undir landsmeðaltali í íbúafjölgun og þessu þarf að breyta,“ segir Gunnar.



Guðmundur P. Ólafsson B-lista:

## Gott samstarf og árangursríkt

Guðmundur Páll Ólafsson leiðir B-listann en hann er bæjarstjóri í meirihlutasamstarfi við S-lista. Hann segir samstarfið hafa gengið vel og verið árangursríkt en ekkert liggir fyrir um áframhald. „Úrslit kosninganna leiða í ljós hvers konar meirihluti verður myndaður.“

B-listinn er með tvo menn í bæjarstjórn og gerir Guðmundur Páll sér vonir um að hann haldi sínu fylgi. „Síðast vantaði okkur reyndar bara þrjú atkvæði til að ná inn þriðja manningnum.“

Hann segir núverandi meirihluta hafa haldið vel á málum í hinni miklu uppbyggingu síðustu ára. „Það þarf sterk bein til að þola góða daga,“ segir hann. Mörg brýn verkefni eru framundan að sögn Guðmundar Páls. „Þar má nefna áframhaldandi þróun Faxaflóahafna, byggingu nýs tónlistarskóla, frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja og bættu þjónustu við eldri borgara.“



Karen Jónsdóttir F-lista:

## Nýtt og ferskt blóð í pólitíkina

Karen Jónsdóttir viðskiptafræðingur fer fyrir lista frjálslyndra og óháðra. Hún segir listann hafa fengið góðar viðtökur. „Ég finn að fólk vill fá nýtt og ferskt blóð í bæjarpólitíkina, hún hefur verið frekar einhæf.“

Hún segir F-listann leggja áherslu á öldrunarmálin. „Við viljum byggja þriðja áfanga að hjúkrunarheimili við dvalarheimilið Höfða, málefnum eldri borgara hefur ekki verið nógu vel sinnt hér. Svo eru það umhverfis- og skipulagsmálin, gatnakerfið hér er illa farið og það skortir líka mikið upp á að eignum bæjarins sé vel haldið við. Þá þarf að taka til hendinni við að bæta ásynd bæjarins.“

Karen vonast til að F-listinn nái einum manni inn en segir ekkert ákveðið um hugsanlegt meirihlutasamstarf. „Við höldum öllu opnu í þeim efnum,“ segir hún.



Rún Halldórsdóttir V-lista:

## Höfum fengið góðar viðtökur

Rún Halldórsdóttir læknir er efst á lista vinstri grænna. Hún hefur ekki áður tekið þátt í pólitísku starfi en lítur á þetta sem tækifæri til að koma einhverju góðu til leiðar. „Mér finnst vera mjög jákvætt andrúmsloft fyrir okkar framboði og við erum bjartsýn á góðan árangur.“

Hún gerir sér vonir um að ná að minnsta kosti einum manni inn, en segist ekki geta sagt til um það hverjir væru vænlegastir til samstarfs, en tekur fram að listinn úti-loki engan frá samstarfi fyrirfram, málefnið ráði þar mestu. „Við viljum byggja upp leikskóla fyrir öll börn og viljum helst geta haft hann gjaldfrjálsan. Í umhverfismálum viljum við efla sorpflokkun og svo viljum við efla heimahjúkrun og heimahlýningu fyrir aldraða,“ segir Rún.



Sveinn Kristinsson S-lista:

## Mikið af ungu og öflugum fólki

Sveinn Kristinsson er í efsta sæti S-lista sem verið hefur í meirihlutasamstarfi við B-lista síðustu átta ár. „Rekstur sveitarfélagsins er mjög góður og Akranes er eitt best rekna sveitarfélag á Íslandi. Hér er góð og ódýr þjónusta enda hefur ávinningurinn af góðum rekstri runnið aftur til íbúanna.“ Sveinn segir S-listann mikið endurnýjaðan frá síðustu kosningum. „Það er ný kynslóð að taka við og við höfum mikið af ungu og kraftmiklu fólki.“ Hann segir markmið listans að treysta atvinnulífið og styrkja samfélagið. „Á næsta kjörtímabili verður aðalmálið að þjónusta íbúana enn betur, frá fyrstu tíð til ellíðra.“ Og Sveinn segir stefnt að því að vera áfram í forystu fyrir sveitarfélagið. „Við segjum hvað við ætlum að gera og getum staðið við það,“ segir hann.





# Frítt árgjald fyrsta árið á S24 kreditkortum



**Pú átt möguleika  
á að vinna  
ferðaávísun að  
verðmæti  
50.000 kr.**



Þér gefst kostur á hagstæðara kreditkorti en gengur og gerist á markaðnum. S24 kreditkortin bera almennt lægra árgjald og betri vexti. Þau henta einkar vel fyrir alla daglega notkun og þú greiðir engin færslugjöld.

Þeir sem fá sér S24 kreditkort fyrir 10. júlí eiga möguleika á að vinna S24-MasterCard ferðaávísanir, fimm að verðmæti 10.000 og tvær að verðmæti 50.000\*.

Vinningsshafarnir verða dregnir út vikulega frá 6. júní til 10. júlí.

\*Gildir einnig fyrir núverandi kreditkortshafa hjá S24.

**5.000 kr.  
ferðaávísun  
fylgir hverju nýju  
kreditkortu.**

**Sæktu um kort...**

**WWW.s24.is**





## „ORÐRÉTT“

Hreggvið á þing!

„Það er kominn tími til að almenningur fái að njóta sömu lánskjara og fólk í nágrannalöndunum. Þetta verður baráttumál í næstu kosningum.“

HREGGVIÐUR JÓNSSON FYRRVER-ANDI ALPINGISMAÐUR Í GREIN UM VERÐTRYGGINGU Í MORGUN-BLAÐINU.

Hreggvið á þing!

„Við höfum staðið í einu og öllu við þann samning sem gerður var 2004. Lyfjaverð er meira að segja orðið lægra hér heldur en í Danmörku.“

HREGGVIÐUR JÓNSSON FORSTJÓRI VISTOR UM LYFJAVERÐ Í FRÉTTA-BLAÐINU.

# tilveran

nær og fjær



KYNJAMYNDIR ÚR SANDI Listamenn mótuðu allra handa kvikmyndi úr sandinum á Tybee-eyju í Georgíu í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Sjór í iðrum jarðar

Vísindamenn við háskólann í Manchester í Bretlandi telja sig hafa uppgötvað sjó djúpt í iðrum jarðar. Þetta kemur fram í grein sem birtist á fimmtudag í vísinda-tímaritinu Nature.

Árum saman hafa vísindamenn deilt um það hvort jörðin drekki í sig sjó eða hvort einhver fyrir- staða hamli því. En nú segjast vís- indamennirnir Chris Ballentine og Greg Holland, sem vinna við Manchester-háskóla, hafa upp- götvað sjó í gassýnum sem eiga uppruna sinn að rekja til möttuls jarðar, sem liggur rétt undir jarð- skorpunni og nær alla leið niður að kjarnanum.

Telja Ballentine og Holland að síðan jörðin varð til hafi hún drukkið í sig um tíu prósent vatns- magnsins í úthöfunum. Þetta vatn hefur svo best við það sem verið hefur í iðrum jarðar frá upphafi.

„Rannsóknir okkar skýra hvers



JÖRÐIN DREKKUR SJÓ. Sjór er djúpt í iðrum jarðar.

vegna hafeldfjöll, svo sem Hawaii og Ísland, sem eru mynduð úr gos- efnum þaðan sem möttullinn mætir kjarnanum, hafa hærra vatnsinnihald en hafeldfjöll á svæðum þar sem möttullinn er grynnsri,“ sagði Ballentine. „Vatn- ið í hrauninu á Hawaii og Íslandi er í raun aðallega forn sjór sem hefur ferðast frá yfirborðinu, til miðju jarðar og til baka á ný.“ - smk

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR, FORSETI SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS:

## Getur ekki talað um annað en skák

„Af mér er allt gott að fréttu í dag eins og alla aðra daga,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands hlajandi þegar blaðamaður slær á þráðinn. „Annars get ég ekki talað um neitt annað en skák því það kemst ekkert annað að í mínu lífi. Á morgun er aðalfundur Skáksambandsins og ég ætla að gefa kost á mér aftur. Það verður spennandi að sjá hvort það gengur eftir. En stóra málið í mínu lífi er að í næstu viku þá erum við að fara að tefla á ólympíuskákmótinu í Tórínó á Ítalíu. Það fer bæði lið í opnum flokki og kvenna- sveit.“ Guðfríður mun tefla fyrir Íslands hönd og er að reyna að koma sér í æfingu. Hún segir að tilhlökkunin sé mikil því sveitir Íslands í báðum flokkum séu þær sterkustu sem teft hefur verið fram í mörg ár.

Það þarf að ganga mjög á forsetann til að fá upplýsingar um eitthvað annað en skák. „Jú,

ég er alltaf öðru hverju að byrja í nýju heilsu- átaki og núna er ég byrjuð að synda á hverjum degi. Það er eitthvað það besta sem fyrir mig hefur komið. Svo ætla ég að nota sumarið til að skrifa.“ Guð- fríður Lilja er að vinna að bók með Friðriki Ólafsson, stórmeistara með meiru, um líf þessa mikla meistara, enda er hún sagnfræðingur að mennt. „Það hefur í raun aldrei verið skrifuð bók um ævi Friðriks og það er eitt af þeim verkefnum sem taka við eftir mótið.“

Guðfríður Lilja er nýkomin frá Kúbu og er vegna áhrifa þaðan ákveðin í því að læra að dansa salsa og læra spænsku. Hún ætlar



líka að halda áfram að læra að búa til japanskan mat hjá góðum vini sínum, Toshiki Toma, prests útlendinga á Íslandi. „Hann er algjör listakokkur og ég hlakka til að læra af honum og svo ætla ég líka að ferðast um Ísland í sumar og njóta þeirrar guðsgjafar sem okkur var fengin.“ Guðfríður Lilja vonast til að það myndist þverpólitísk samstaða um að vernda landið í þeirri mynd sem það er, en blaðamaður kveður með það efst í huga hvernig hægt sé að framkvæma svona mikið þegar aðeins er hugsað um skák.



ÖSKUBUSKAN JENNIFER Hún segir mikilvægt að komast áfram svo áhugi landa hennar á keppninni aukist, en hann hefur verið í lágmarki til þessar. Jennifer vann áður sem þjónn á veitingastað en var nýlega uppgötvuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Öskubuskan í söngvakeppninni

Jennifer er ósköp venjuleg stúlka frá Andorra. Fyrir tveimur mánuðum vann hún á veitingahúsi en var uppgötvuð í söngtíma og valin til að vera keppandi Andorra í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

„Ég er orðin atvinnusöngvari, en fyrir tveimur mánuðum var ég þjónn á veitingastað sem ferðamenn sóttu,“ segir Jennifer eða Jenny eins og hún kallar sig. „Mér finnst ég vera Öskubuska keppninnar.“

Jennifer ætlar að nýta keppnina til þess að koma sér á framfæri. „Ég er bara venjuleg 23 ára stelpa og finnst gaman að vera með vinum mínum. Svo hef ég gaman af tennis, ég stunda klettaklifur og finnst frábært að keyra bíl, því ég er nýkomin með próf. En tónlist er að sjálfsögðu aðaláhugamál mitt.“

Jennifer er sú fimmta á sviðið í undankeppninni og hún er ekki þessi hefðbundni Eurovision-þátttakandi. Sjálf segist hún lífa í eins og í draumi þessa dagana. Hún sker sig úr, jafnvel svo mikið að hún átti í erfiðleikum með að komast í gegnum tollinn með allan

búnaðinn sem fylgir þátttöku í svona stórrí keppni. Var því fleygt meðal aðdáanda hér að grísku toll- verðirnir hefðu ekki trúað að hún væri ein af keppendunum.

„Vinir mínir og fjölskylda trúa því ekki að ég sé að syngja í Eurovision. Þau eru spennt og ætla að fylgjast vandlega með,“ segir Jennifer. „En almennt er fólk ekki spennt fyrir keppninni. Þátttakendum Andorra hefur ekki gengið vel þau tvö síðustu ár sem þjóðin hefur átt lag í henni.“ Marta Roure var fyrsti þátttakandi landsins og söng lagið Jugarema a estimar nos og í fyrra söng Marian lagið La mirada interior á katalónsku. Í hvorugt skiptið komst þjóðin áfram eftir undankeppnina.

„Áhuginn er það lítilur að við höfum þurft að gripa til dómnefndar til að geta greitt atkvæði í keppninni. Eins og í fyrra fengu aðeins fjögur lönd atkvæði úr símakosningu og hún var því ógild,“ segir Jennifer. „Það er mikilvægt að okkur gangi vel núna svo áhuginn á keppninni vaxi,“ segir hún og ætlar að gera sitt besta. „Ef ég næ í gegn er það frábært, en samböndin og hefðir skipta mig meira máli. Þá á ég við mikilvægi þess að ná til nágranna- þjóðanna og að syngja á katalónsku,“ segir Jennifer.

gag@frettabladid.is

www.flugfelag.is | 570 3400

## Hvað kemst fraktin þín hratt?

Tíminn flýgur hratt og með Flugfrakt Flugfélags Íslands gefst þér kostur á að taka þér far með honum. Það er örugglega besta leiðin til að tryggja það að fraktin þín komist sem hraðast á áfangastað.

### Sækjum, fljúgum og afhendum

Einn þáttur í starfsemi Flugfraktar Flugfélags Íslands er að bjóða upp á þá þjónustu að sækja fraktina til viðskiptavina, koma henni í flug og afhenda á áfangastað. Það gildir einu hvort um flutning á matvörum og öðrum viðkvæmum vörum er að ræða. Við leysum það með fullkomnum frysti- og kæligeymslum og höldum utan um allt ferlið með tölvuvæddu farmbréfakerfi.

Kynntu þér flutningaþjónustu okkar á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) eða hafðu samband í síma 570 3400 og fáðu upplýsingar um hvernig við getum aukið forskot fyrirtækisins, með flutningum sem ganga hratt fyrir sig.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS  
Taktu flugið





# Krakkarnir á Krógabóli í sveitaferð

Það þurfti þrjár rútur og dágóðan fjölda einkabíla til að flytja krakkana í leikskólanum Krógabóli á Akureyri ásamt starfsfólki og nokkrum úr hópi foreldra á bæinn Stóra-Dunhaga í Hörgárdal á dög-unum. Tilefni fararinnar var að kynna dýrunum á bænum, klappa lömbunum og fara á hestbak.

Gleðin skein úr andlitum barnanna enda ekki á hverjum degi sem þau njóta nálægðar við málleysingjana.

Eftir annasaman og ánægjulegan dag var boðið upp á grillaðar pylsur og ávaxtasafi drukkinn með.

-kk



**FLOTTAR Í BLEIKU** Perluvinkonurnar Unnur Vilborg Reimarsdóttir og Bogga Sól Kristjánsdóttir nutu sveitasælnnar hönd í hönd. Aron Máni Sverrisson og Mikaela Madis fóru á hestbak, líkt og flestir krakkanna. Þeim til halds og trausts var Una K. Jónatansdóttir, starfsmaður Krógabóls.



**DRENGUR OG DÝR** Vilberg Fannar Kristjáns-son gælir við eina kindina á Stóra-Dunhaga og vinur hans Vilhelm Ottó Biering Ottósson fylgist dáleiddur með. Að baki þeim glíttir í Mariu Björk Baldursdóttur.



**LANGAR Í LAMB** Vilberg Fannar hefur lengi langað í hund en eftir heimsóknina á Stóra-Dunhaga langar hann miklu meira í lamb.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**FRÁ UNDIRRITUN** Bjarni Danielsson óperustjóri og Benedikt Sigurðsson, skrifstofustjóri forstjóraskrifstofu VÍS.

MYND/FREYJA

## Fjölbreytt dag-skrá tryggð

Íslenska óperan og VÍS eignarhaldsfélag hafa gert með sér samstarfssamning fyrir næsta leikár. VÍS hefur um árabíl verið einn af dyggustu bakhjörllum Íslensku óperunnar.

Bjarni Danielsson óperustjóri segir að án samstarfs sem þessa væri ekki hægt að bjóða áhorfendum upp á fjölbreytta og metnaðarfulla dagskrá með listamönnum á heimsmælikvarða á vetri komanda. Á meðal verkefna á komandi hausti eru Brottnámið úr kvennabúrinu eftir Mozart og Vetrarferðin eftir Schubert.

- shá

## Nælur tákna öryggi barna

Öryggisnæla er nýja táknið fyrir rétt barna til öryggis í sænsku samfélagi. Kattis Sjösward er móðir tveggja barna, tveggja og ellefu ára. Henni rann til rifja ill meðferð foreldra á dreng sem dó í Svíþjóð í vetur og ákvað því að hefja herferð á bloggsíðunni sinni.

Kattis hvatti fólk, sem styður rétt barna til öryggis, að ganga um með öryggisnælu í barminum, að sögn vefútgáfu Aftonbladet, og hefur það farið eins og eldur í sinu um alla Svíþjóð. Fjallað er um andlát drengsins fyrir dómstólum í Svíþjóð.

- ghs



**KÆLA SIG Í VATNSSTRAUMI** Hin sex ára Harlie Cullen og hvolpurinn hennar Lily þoldu illa við í hitanum í Fresno í Kaliforníu í Bandaríkjunum á dögum og kældu sig niður í vatnselgnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vordagar ÁLFELGUR OG DEKK!

Samsettur gangur á dúndurverði **99.900 kr.** (~~154.290 kr.~~)

15x10 Dick Cepek-álfelgur og Chaparral 33" dekk

ÁLFELGUR margar stærðir

Dick Cepek-álfelgur á tilboði frá 13.700 kr.



Samsettir dekkja- og felgugangar á flestar gerðir japanskra jeppa og pallbíla með **15% afslætti** á vordögumum!



BÁTASPIL

DW 3000i 12V

Kerruspil fyrir vélsleða- og bátaeigendur (3000 lbs) **39.900 kr.**

SPORTJAKKI með og án hlifa



Cordura-slitvarnarefni, Reissa 5000 mm vatnsvarnar- og öndunarefni. Hentugur jakki fyrir sleða- og mótorkjólamenn **8.980 kr.**

Margar gerðir



Hanskar fyrir útivistar- og mótorkjólafólk, margar gerðir. Verð frá **1.990 kr.**

NÝTT langt álbox



Allar gerðir af álboxum fyrir ferðalagið með **20% afslætti.**

ARCTIC TRUCKS®

Klethálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-0016 KC





**STJÓRNARMYNDUN ÍRAKA Í HÆTTU** Írakska þingið kom saman í gær til að ræða myndun nýrrar sameinaðrar heimastjórnar. Tilraunir til stjórnarmyndunar fóru hins vegar út um þúfur þegar meðlimur í áhrifamiklum samtökum sjía múslima, hótaði því að ný ríkisstjórn yrði mynduð án þátttöku samkeppnisaðila slökuðu þeir ekki á kröfum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

14

FRÉTTABLAÐIÐ

15. maí 2006 MÁNUDAGUR

Fjörutíu norrænir blaðamenn á námskeiði í Reykjavík:

# Menningarblaðamenn hittast

**NORÐURLÖND** Tæplega fjörutíu norrænir blaðamenn funda um menningarmál í Reykjavík þessa dagana undir stjórn Sigrúnar Stefánsdóttur, dagskrárstjóra Rásar 2. Mestur virðist áhuginn vera meðal Dananna því að þeir eru flestir, eða þrettán þátttakendur.

Blaðamennirnir hlusta á fjölbreytilega fyrirlestra og sækja listviðburði, til dæmis opnun Reykjavík Arts Festival í Borgarleikhúsinu, og fara út á land, kynna sér Reykholt og kynnast sundmenningu þjóðarinnar með ferð í Laugardalslaugina.

- ghs



**NORRÆNIR BLAÐAMENN** Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Rásar 2, í hópí norrænna blaðamanna á Kaffi Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvalveiðar Japana: Nýtt fyrirtæki í hvalkjötssölu

**JAPAN, AP** Nýtt fyrirtæki hefur verið stofnað um sölu hvalkjöts í Japan, að sögn til að selja umframbirgðir sem safnast hafa upp í landinu í kjölfar þess að Japanar juku hvalveiðar í vísindaskyni.

Yfir 1.000 tonn af hvalkjöti fóru á markað í Japan í fyrra, en það er 65 prósentum meira en árið áður, samkvæmt upplýsingum japanska sjávarútvegsráðuneytisins.

Andstæðingar hvalveiða halda fram að unnt sé að stunda allar nauðsynlegar rannsóknir án hvalveiða. Vísindaveiðar séu yfirvarp yfir veiðar í ábataskyni sem Alþjóðahvalveiðiráðið lagði tíma-bundið bann við fyrir 20 árum.

- aa

 Landsbankinn

LANDSBANKINN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐ

MIKHIL GORBAC

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN OG MADUR NIUNDA ÁRATUGAR  
AFTUR TIL REYKJAVÍKUR 20 ÁRUM EFTIR AD HANN

HÁSKÓLABÍÓÍ 12. OKTÓBER

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA HEFST ÞRIÐJUDAG



Tilkynnt um sinueld í við Hvaleyrarvatn:

# Mildi að logn var á svæðinu

**ELDSVODI** Litlu mátti muna að talsvert skóglendi yrði eldi að bráð þegar eldur varð laus í hæð ofan við Hvaleyrarvatn í landi Hafnarfjarðar um miðjan dag í gær.

Barst slökkviliði tilkynning um sinueld skömmu eftir hádeg-ið og var sendur bíll á staðinn. Strax kom í ljós að eldurinn var meiri en liðið réði við og voru því fjórir bílar til viðbótar sendir af stað. Tókst þá fljótlega að slökkva allan eld, en að sögn slökkviliðs-manna á staðnum gekk það vel eingöngu vegna þess að vart hreyfði vind. Jarðvegur á svæð-inu væri skraufþurr og mikill eldsmatur og lítið hefði verið við

ráðið ef vindar hefðu blásið. Tjón varð lítið sem ekkert en á svæð-inu er allnokkur trjárækt og brann hluti trjáanna í eldinum. Hafði slökkvilið lokið starfi sínu tveimur tímum eftir útkall og var bleytt vel í svæðinu í lokin ef ske kynni að glóð leyndist enn í gróðrinum.

Eldsupptök eru ókunn en ekki er talið útilokað að um íkveikju hafi verið að ræða.

- aðe

**ELDURINN SLÖKKTUR** Kveikt var í sinu við Hvaleyrarvatn en vegna logns gekk slökkvistarf greiðlega.



Háskóli Íslands:

## Rannsóknarsetur opnað

**FJÖLSKYLDUMÁL** Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd var opnað á föstudag. Um er að ræða rannsókn- og fræðslustofnun sem verður starfrækt við félagsráðgjafaskor Háskóla Íslands.

Setrið verður vettvangur rannsókn- á sviði félagsráðgjafar er lýtur að stefnumörkun, þróun og þjónustu í barna- og fjölskyldu-málum. Forstöðumaður er Hanna Lára Steinsson.

Félagsmálaráðuneyti, Barna-verndarstofa, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, Reykjavíkurborg, þjóðkirkjan, Reykjanesbær og Efling-stéttarfélag styðja rekstur setursins.

- jss

BLAÐIÐ

Þ T O G A

ALL  
HEV

NS AÐ MATI TIME SNYR  
REYTTI SÖGUNNI

R KL. 17:00

AGINN 16. MAÍ



“WE NEED A NEW

SYSTEM OF VALUES

- A SYSTEM OF THE

ORGANIC UNITY

BETWEEN

MANKIND AND

NATURE AND

THE ETHIC OF GLOBAL

RESPONSIBILITY”

MÍÐASALA Á MIDI.IS OG Á CONCERT.IS

EINNIG ERU SELDIR MIÐAR Í ÖLLUM


VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á

AKUREYRI, SELFOSSI OG EGILSSTÖÐUM



## Svona erum við

> kjósendur á kjörskrá í sveitarstjórnar-kosningunum 27. maí



# baksvið

fréttir og fróðleikur

### FBL-GREINING: FJÖLMIÐLAFRELSI

## Málfrelsi fjölmiðla víða ógnað

Síðastliðinn miðvikudag var sextándi alþjóða-dagur fjölmiðlafrelsis haldinn hátíðlegur víða um heim. Samkvæmt AFP fréttastofunni eru árlega sífellt fleiri fréttamenn drepnir við vinnu sína. Árið 2002 fórust 25 fréttamenn, árið þar á eftir voru þeir 40, fyrir tveimur árum týndu 53 fréttamenn lífi og í fyrra voru 63 fréttamenn drepnir við störf sín. Fyrstu fjóra mánuði þessa árs hafa 16 fréttamenn farist, flestir í Írak eða alls sjö. Tveir hafa verið drepnir í Mexíkó, og í Ekvador, Venesúela, Kólumbíu, Indlandi, Kína, Filippseyjum og Srí Lanka hafa samtals sjö fréttamenn farist það sem af er þessu ári.

#### Frjálsir fjölmiðlar?

Samkvæmt rannsókn á frelsi fjölmiðla í heiminum, sem bandarísku samtökin Freedom House létu gera í tilefni dagsins, búa aðeins 17 prósent jarðarbúa í löndum þar sem fjölmiðlar njóta



fulls prentfrelsis. Fjórutíu og þrjú prósent hafa eingöngu aðgang að ófrjálsum fjölmiðlum. Allir aðrir búa á einhvers konar gráu svæði, þar sem fjölmiðlar njóta skerts frelsis.

Frelsi fjölmiðlanna komst í hámaili í vetur þegar Múhameðsteinkingamálið svokallaða stóð sem hæst, en þá mótmætlum múslimar um allan heim skopteikningum af spámanninum sem birtar voru í Jótlandspóstinum danska og síðar í hinum ýmsu fjölmiðlum.

#### Í hvaða löndum er ástandið verst?

Í samantekt frá AP fréttastofunni um helstu atburði seinasta árs eru sex lönd talin upp þar sem frelsi fjölmiðla hefur verið skert á áberandi hátt. Þessi lönd eru Afganistan, Kúba, Írak, Nepal, Filippseyjar og Bandaríkin.

Það gæti komið fólki á óvart að sjá Bandaríkin í þessum hópi, en mannréttinda- og fjölmiðlaréttindahópar víða um heim eru uggandi yfir þróuninni í Bandaríkjunum, sem lengi hafa verið talin helsta vígi tjáningarfrelsis. Það eru aðallega tvö mál sem færa Banda-ríkin á þennan lista. Bandaríski herinn hefur fangelsað fréttamenn í Írak án formlegra ákæra, og í júlí í fyrra sat bandarísk blaða-kona hjá New York Times í 85 daga í fangelsi í heimalandi sínu fyrir að neita að gefa upp heimildarmann sinn innan bandarísku leyni-þjónustunnar.



**HITABYLGJA Á INDLANDI** Maður kælir sig í afrennsli í Nýju Delí á Indlandi, en mikil hitabylgja hefur gert fólki lífið leitt í norð-urhluta landsins að undanförmu og dregið tugi manna til bana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Landflóttá í eigin landi

**Dennis McNamara, forstöðumaður hjá Mannúðarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og einn helsti sérfræðingur SP um afleiðingar stríðsátaka og flóttamenn í eigin landi, heimsótti Ísland í síðustu viku og hélt fjölsóttan fyrirlestur í miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á fimmtudag. Sigrún María Kristinsdóttir hitti McNamara að máli eftir fyrirlesturinn.**

Ríkari þjóðir heims, Ísland þeirra á meðal, hafa gleymt 24 milljónum kvenna og barna.

Þetta fólk hefur flosnað upp frá heimilum sínum vegna átaka í fjöðurlandinu, og telst ekki til eiginlegra flóttamanna, því það hefur ekki flúið yfir landamæri.

Samt sem áður eru uppflosnaðir í heiminum nær þrisvar sinnum fjölmennari en flóttamenn og staða þeirra er oft mun ótryggari en flóttamanna, að sögn Dennis McNamara, forstöðumanns hjá Mannúðarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og sérstaks ráðgjafa um málefni flóttamanna í eigin landi.

Fólkið, sem flest er í Afríku, situr fast í eins konar einskismanns landi, þar sem sá aðili sem helst ætti að vernda það, ríkisstjórn lands þeirra, hefur brugðist og stendur jafnvel á bak við árásirnar á þessa þegna sína.

Sérfræðingar SP telja að hvergi hafi alþjóðasamfélagið brugðist eins illilega eins og í því að vernda þessa almennu borgara sem lenda í hringiðu átaka, hvort sem það er í Súdan, Palestínu eða Írak.

En hvað er hægt að gera? Hvernig getur alþjóðasamfélagið brugðist við ofsóknum, þjóðernishreinsunum og stríðsátökum innan landamæra sjálfstæðra ríkja?

„Vandinn liggur í að vernda borgara ákveðins ríkis gegn atburðum innan þessa sama ríkis,“ sagði McNamara sem hefur starfað á flestum átakasvæðum heimsins síðustu árin, meðal annars í Írak, Kosovo, fyrrverandi Júgóslavíu, Austur-Tímor og Kambódíu, og aðstoðaði jafnframt við að koma fyrstu Vít-nömum til Íslands á áttunda áratugnum.

„Þó okkur geti þótt Afríka afar langt í burtu þegar við sitjum hér á þessari fallegu eyju sem Ísland er, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því að þetta fólk skiptir okkur gríðarlegu máli. Ekki bara þjáning þess, sem auðvitað ætti að nægja út af fyrir sig, heldur hefur ástandið í Afríku líka fjárhagsleg og stjórnmálaleg áhrif á okkur Vesturlandabúa,“ sagði McNamara. „Ríka norðrið hefur aldrei verið jafn auðugt, og fátæka suðrið aldrei jafn snautt, svo að sjálfsgöðu reynir þetta fólk að flytja norður. Það hafa bara fæstir efni á miðanum. Vandí fólksins hverfur ekkert því hann getur ekki horfið.“

#### Vandi uppflosnaðra

Hingað til hefur hjálpin helst borist vegna sveiflukenndrar athygli rokkstjarna og kvikmyndaleikara, sem og árstíðabundinna safnana, og þó að safnanir skili auðvitað sínu þá þarf mun meira til að leysa vanda uppflosnaðra.

Einfaldar matargjafir duga engan veginn til.

Hjálpin verður að vera til langs tíma og vera víðtækari en hingað til hefur þótt duga.

„Það er ekki nóg bara að gefa á jólunum,“ sagði McNamara. „Við verðum að líta á ástæður átakanna.“

Víðtækt atvinnuleysi, landbúnaður sem lagður hefur verið í rúst, lamað skóla- og heilbrigðiskerfi, og gríðarleg fátækt, allt eykur þetta á vanda uppflosnaðra og er viðvarandi löngu eftir að hinir heppnu snúa aftur heim.



**FLÓTTAFÓLK** Öldruð sómalísk kona gengur fram hjá hrófatildrum í Maslah-búðunum í Wajid, um 340 kílómetrum vestan Mógadísíu, höfuðborgar Sómalíu. Um átta þúsund uppflosnaðir Sómalar búa í búðunum, en þeir hafa hrakist þangað undan illskeyttum og langvinnum innanlandsátökum.

NORDICPHOTOS/AFP



DENNIS MCNAMARA

#### Styrkur kvenna

McNamara telur að konur séu undirstaðan fyrir varanlegum friði í hinum ýmsu ríkjum Afríku.

„Það eru oftast karlar sem hefja og há stríðin, en konur og börn þjást vegna afleiðinganna. Þess vegna held ég að við verðum að líta til kvennanna, svo hægt sé að hjálpa þessu fólki að ná jafnvægi á ný.“

Til dæmis kæmi til greina að styðja afrískar konur við að útrýma byssum og stöðva vopnaframleiðslu vestrænna ríkja í Afríku. „Við útvegum þessar byssur,“ sagði McNamara, og bætti við að byssur væru í eigu fátækustu drengja á skólaaldri í fjölmörgum ríkjum Afríku því lítið sem ekkert eftirlit er haft með dreifingu þeirra.

Sumir hafa reynt að leysa vandan með því að stinga upp á að ríkari lönd ættu að gefa fátækari þjóðum eftir skuldir sínar. Þó þessi lausn hefði sitt að segja, þá er líklegt að ung móðir sem snýr aftur heim til Suður-Súdan með börn sín finni lítið fyrir minnkandi skuldastöðu þjóðar sinnar.

„Hún yrði líklega mun áhugasamari um hvernig hægt væri að stöðva vopnaflæðið, hvernig hún eigi að ná landi sínu aftur, og hvort hún geti selt uppskeruna á markaðnum. Þetta eru frumskilyrði fyrir því að hún geti snúið aftur í öryggi og framfleytt sér og börnum sínum,“ sagði McNamara.

#### Skylda fjölmiðla

Fjölmiðlar verða auk þess að fjalla oftar og meira um þessi mál, ekki bara þegar rokkstjarna fær áhuga á þeim, að sögn McNamara, og hið sama gildir auðvitað um ríkisstjórnir annarra landa, þar með talið ríkisstjórn litla Íslands, „sem hefur ákaflega veigamikla rödd innan Sameinuðu þjóðanna“.

„Þó er þetta vandasamt mál og ber að gæta þess að gripa ekki fram fyrir hendurnar á þjóðunum sjálfum við endurbyggingu landanna,“ ítrekaði McNamara.

Hann benti auk þess á að fjölmiðlar og alþjóðasamfélagið gætu rannsakað hver græðir á hverju stríði fyrir sig.

„Það eru ekki bara stríðsherrar

svæðanna, heldur eru það allt of oft byssuframléiðendur, þar með taldar ríkisstjórnir stórra landa, eðalsteinaframléiðendur, fólksmyglarar og olúrisarnir,“ sagði McNamara. „Margir þeirra, ef ekki flestir, eru búsettir á Vesturlöndum og tengjast ríkisstjórnunum landa sem senda hjálp.“

#### Verk Íslendinga

Sú staðreynd að Íslendingar hafa á rúmlega hálfri öld hafist upp úr sárri fátækt og orðið ein ríkasta þjóð Evrópu, sýnir hversu vel þjóðum getur tekist til með örilitilli aðstöð, benti McNamara á.

Íslendingar hafa lofað ýmissi mannúðaraðstöð og staðið við sumt. Til dæmis höfum við skrifað undir alþjóðasáttmála og lofað að greiða 0,7 prósent af þjóðartekjum okkar til mannúðarstarfa, en enn sem komið er gefum við ekki nema 0,21 prósent.

Frændur okkar Norðmenn hins vegar gefa mun meira en sín 0,7 prósent, að sögn McNamara.

Auk þessa skrifuðu Íslendingar, ásamt öllum aðildarlöndum SP, alls 191 ríki, undir samning í september síðastliðnum þar sem ríkisstjórnir landanna lofa að vernda borgara sína og takist stjórn einstaks lands það ekki, þá beri alþjóðasamfélaginu að tryggja öryggi hins almenna borgara. En enn hefur ekki reynt á þennan sáttmála.

Venjulegir Íslendingar hafa líka ýmis úrræði til að stuðla að friði í heiminum.

„Í fyrsta lagi verður fólk að gera sér grein fyrir því að þessi mál snerta líf okkar allra, og það er ekki bara hægt að yta þeim frá sér og gleyma þeim,“ sagði McNamara. „Burtseð frá þjáningu fólksins, sem ekki má líta fram hjá, þá hefur þetta líka áhrif á stjórn mál landa og öryggismál, sem ekki er hægt að gleyma.“

Íslendingar þurfa að standa með ríkisstjórninni í stuðningi hennar við mannúðaraðstöð og minna forráðamenn á mikilvægi þessara mála, svo öll sú upphæð sem við höfum lofað renni sem allra fyrst til mannúðaraðstöðar.

„Lítið land eins og Ísland getur ef til vill ekki gert marga, en rödd ykkar er mikilvæg, þið getið lagt marga fram. Þið getið gefið fjármuni, þið getið veitt aðstöð og síðast en ekki síst, þið getið vakið pólitíska athygli á þörfinni á mannúðaraðstöð í heiminum,“ sagði McNamara.



**HONDA**  
The Power of Dreams



## 4x4xInnkaupakerra



Fullbúinn CR-V með lipurð og rými  
fyrir bestu kaupin á Honda góðu verði.

[honda.is](http://honda.is)



Fjölbreytilegt innanrýmið, sem þú getur stillt á fjölda vegu og fótvisss fjórhjóladrifsbúnaðurinn gera Honda CR-V að borgarjeppanum fyrir innkaupaferðirnar þínar - hvort sem þær eru í þröngum strætum miðbæjarins eða víðum vegum landsins. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og aksturseginnleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér bestu kaupin í Honda CR-V borgarjeppa.**





# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
 ÞORSTEINN PÁLSSON

Efnahagslegur stöðugleiki.

## Að spara símapeningana

Trúlega er það svo að flestir eru nú sannfærðir um að undirstöður þjóðarbúskaparins séu traustar. Aukheldur eru flestar efasemdarraddir um íslensku bankana þagnaðar. Þetta á að meira eða minna leyti við bæði erlenda markaði og heimamarkaðinn.

Eftir óróleika á fjármálamörkuðum síðustu vikur má segja að viðbrögð forystumanna bankanna og Seðlabankans hafi skilað árangri. Flestir gera sér einnig grein fyrir að það var staðan fyrir óróleikann sem var í ójafnvægi og núverandi horf þjóðarbúskaparins rímar betur við raunveruleikann.

En björninn er ekki unninn. Enn eru ýmsar efasemdir uppi. Eðlilega velta margir því fyrir sér hvort unnt reynist að tryggja stöðugleika í þjóðarbúskapnum á ný. Í því samhengi sýnist stærsta hættan sem framundan er snúast um það hvort tíma-bundin verðbólga vegna aðlögunar að raunverulegum aðstæðum í þjóðarbúskapnum verður varanleg. Það þarf ekki að gerast en getur gerst.

Víxlækkanir verðlags og kaupgjalds gætu leitt til slíkrar niðurstöðu. Það yrði mjög alvarlegt fyrir afkomu bæði heimilanna í landinu og fyrirtækjanna. Stóra álitamálið er einfaldlega þetta: Er unnt að koma í veg fyrir að svo fari? Við því er ekkert einfalt svar. Ástæðan er sú að svarið liggur í ákvörðunum margra.

Eftir hálft ár standa aðilar vinnumarkaðarins frammi fyrir endurskoðun kjarasamninga. Í síðasta lagi þá verður ljóst hvort hættan á nýju víxlhækkunarferli líður hjá eða verður að raunverulegum varanlegum vanda.

Alþýðusambandið sendi frá sér býsna alvarlega aðvörun fyrir síðustu helgi einmitt vegna þessara aðstæðna sem við blasa. Skilaboð heildarsamtaka launafólks í landinu verða ekki mis-skilin. Þau sýnast ekki hafa nægjanlega trú á raunverulegum vilja stjórnvalda til þess að viðhalda stöðugleikanum.

Er það réttmætt umkvörtunarefni? Að ýmsu leyti er það svo. Það eru fleiri sem hafa kallað eftir meira aðhaldi. Formaður bankastjórnar Seðlabankans hefur til að mynda nýlega í viðtali við þetta blað kallað með óbeinum hætti eftir virkari aðhaldsaðgerðum af hálfu stjórnvalda.

Ríkisstjórnin þarf að efla trú manna og traust á því að hún sé þess albúin að gera það sem þarf til þess að varðveita stöðugleikann. Of seint er að gera það í haust. Stundin er núna. Ein er sú ráðstöfun sem auðvelt ætti að vera að verja út frá öllum almennum stjórnmálalegum forsendum.

Hún er sú að fresta ráðstöfun á þeim afgangi símapeninganna sem áformað er að renni á næstu árum til margra þarfra framkvæmda. Þeim peningum er betur ráðstafað nú í sparnað og þá ef til vill fyrst og fremst til þess að efla gjaldeyrisvarasjóðinn.

Þó að almenningur hafi margvíslegan hag af þeim framkvæmdum sem til stendur að setja af stað fyrir þessa peninga getur engum blandast hugur um að öllum, bæði fólki og fyrirtækjum, gagnast hitt betur eins og málum er komið að þessir fjármunir fari nú í sparnað.

Svo vel vill til að ríkisstjórnin hefur ákveðið að Alþingi komi aftur saman til funda í lok mánaðarins. Ekkert getur verið mikilvægara en að nota þann tíma til þess að ræða og taka ákvarðanir sem líklegar eru til að búa til það traust sem hlýtur að vera forsenda fyrir skynsamlegum samtölum samtaka launþega og atvinnurekenda á haustdögum.

## TÍMI TIL AÐ HITTAST

Viltu fá frambjóðendur í heimsókn?

Á þessu kjörtímabili hafa sjálfstæðismenn í Reykjavík farið í vel á þriðja hundrað heimsóknir til vinnustaða, fyrirtækja, skóla, stofnana og félagasamtaka.

Pessar heimsóknir halda nú áfram daglega fram að kosningum.

Hafið samband í síma 5151777 eða sendið póst á [disa@xd.is](mailto:disa@xd.is)

[betriborg.is](#)



### Örtröðin á miðjunni

Sjálfstæðisflokkurinn rekur nú í fyrsta skipti í manna minnum kosninga-baráttu þar sem ekkert er minnst á skattalækkanir heldur bara lofað auknum útgjöldum í mjúku málin. Það þarf vist ekki frekari vitnanna við um þá örtröð sem nú er á miðju stjórnmálanna en þangað elta nú flokkarnir kjósendur sína hver sem betur getur. Það þarf að minnsta kosti að fara aftur til áttunda áratugarins og þeirra tíma þegar jafnaldrar Geirs H. Haarde voru



að gera sig gildandi í pólitík undir kjörorðinu Báknið burt til þess að finna kosningabaráttu þar sem skattalækkanir og minni opinber umsvif hafa ekki verið ofarlega á blaði hjá sjálfstæðismönnum.

### Báknið kjurt?

Slagorð ungra sjálfstæðismanna í upphafi níunda áratugarins var Báknið burt. Nú er eins og flokkurinn hafi tekið 180 gráðu beygju og boði Báknið kjurt. Það er aðeins liðið hálft ár síðan Davíð Oddsson lét af formennsku í flokknum en hann og nánustu samstarfsmenn hans voru tákngevingar „frjálshyggju-væðingarinnar„ í Sjálfstæðisflokknum. Hálft ár er ekki langur tími en nógu langur til þess að komið er í gang mikið uppgjör innan flokksins við arfleifð Davíðs. Það uppgjör kemur meðal annars fram í því að fyrir þessar kosningar er ekki minnst á skattalækkanir og sóun í opinberum rekstri heldur talað um aukin útgjöld til dagvistarmála, öldrunarmála, skólamála, tómstundamála og fleiri mála sem sjálfstæðismenn hafa ekki sýnt mikinn áhuga fram að þessu.



### Kvennaljómi Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðismenn hafa lengi haft mun minna fylgi meðal kvenna en karla. Eitt af því sem vakti athygli í könnun Fréttablaðsins á stöðu mála í kosningabaráttunni í Reykjanesbæ var að Árni Sigfússon, oddviti flokksins þar í bæ, hefur náð að leysa flokk sinn úr þeirri krísu því D-listinn í Reykjanesbæ hefur meira fylgi kvenna en karla og munar þar talsverðu. Það eru tíðindi og verða ekki til þess að draga úr áhuga sunnlenskra sjálfstæðismanna á að tefla Árna fram sem leiðtogaeefni sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi við þingkosningarnar næsta vor. Fleiri verða um þá hituna því að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra er einnig sagður hafa hug á að flytja sig úr Suðvesturkjördæmi og yfir í Suðurkjördæmi.

[petur@frettabladid.is](mailto:petur@frettabladid.is)

# Heimurinn hossar mér

## Í DAG

GAMLA HERRA-ÞJÓÐIN



INGIBJÖRG PÁLMAÐÓTTIR

*Dauflegur karl á mínum aldri afgreiddi mig og spurði: „Ertu finnsk?“ „Nei, ég er af Hlíðar-endaætt,“ sagði ég. „Allt svo fra Island.“ Breytingin á einum manni!*

farinn að fíla sig vel í Bónusbúðunum í Köben. Jeg snakkede dansk þegar ég var þar fyrir stuttu. Dauflegur karl á mínum aldri afgreiddi mig og spurði: „Ertu finnsk?“ „Nei, ég er af Hlíðar-endaætt,“ sagði ég. „Allt svo fra Island.“ Breytingin á einum manni! Hann horfði á mig upp úr og niður úr, sem tók fljótt af því ég er stutt í annan endann eins frændi frá Hlíðarenda. Hann mændi á mig með þvílíkri aðdáun, mér fannst eins og af mér drypi smjör af hverjum fingri og gull helltist niður úr pilsfaldinum. Satt að segja ætlaði ég ekki að losna við hann. Hann syndi mér alla króka og kima og spurði mig bæði um Jóhannesson og Grímsson.

Ég sagði honum sem var að nú gæti ég ekki stoppað lengur, því ég væri að fara til Kristjánborgarhallar. Hann hélt á brókinni sem ég keypti niður alla rúllustigana og kvaddi mig ekki fyrr en á fortövinu, en þá þurfti ég að hrifsa af honum pokann með brókinni til að getað haldið áfram för minni.

Ég fann svo mikið til mín að ég man ekkert fyrir en ég stóð í þinghúsinu í Kristjánborg með pokann frá Magasin. Þangað var ég er komin í selskap fyrrverandi þingmanna, mætt sem fulltrúi fyrrverandi frá Íslandi. Ekki rek ég fundarefnið hér enda trúlega allt svo ikke noget.

En þegar kom að miðdegisverðinum í svokölluðu snapsething þá var ég allt í einu aftur orðin miðdepill alveg eins og í Magasin um morguninn. Fólki þyrptist að mér, ekki til að heyra neitt um Gunnar frænda á Hlíðarenda heldur til að vita hvað væri að gerast í útrásinni. Áttum við Íslendingar örugglega fyrir öllu þessu sem við værum að kaupa? Væri ekki krónan fallvölt og hlutabréfin að hrynjja.

Hjá sumum körlunum örloði á pirringi og smá hroka. Einn spurði: „Frúin er kannski komin til að kaupa Kristjánborg?“ Nei, frúin hafði meiri áhuga fyrir hótél D'Angleterre. Það væri nefnilega voða notalegt fyrir hina stóru Hlíðarendaætt að eiga samastað þegar hún útréttaði í Köben. Svo skálaði ég í jubileum og gekk hnar-reist með Magasínpokann út. Á leiðinni út hugsaði ég hvað stutt er síðan að Íslendingar voru svo fátækir og smár og hvað virðingin fyrir peningum er í raun mikil í samanburði við önnur auðæfi sem standa af sér tímans straum. Margt hefur breyst á örskotsstundu á gamla Íslandi. Allt nema jöklarnir og fossarnir sem ávallt hafa staðið fyrir sínu. Ég vona að útrás peningamannanna eigi eftir að standa fyrir sínu, þó ekki væri nema ég geti áfram fundið til mín í Kaupmannahöfn.

Ég segi eins og hún amma mín sagði þá sjaldan að allt lék í lyndi, er á meðan er, heimurinn hossar mér.

# Hreinar línur - líka um stækkun álvers

## UMRÆÐAN

ÁLVER Í STRAUMSVÍK



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

Eitt meginmál þessara kosninga í Hafnarfirði snýst um fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík. Við vinstri græn erum andsnúin því að Alcan í Straumsvík fái leyfi til stækkunnar og þar af leiðandi eini stjórnmálaflokkurinn sem tekur skýra afstöðu gegn stækkuninni.

Það er mikilvægt að Hafnfirðingar gangi ekki til þessara kosninga með bundið fyrir augu, eyru, munn og nef í álversmálinu. Við þurfum að opna augun fyrir áhrifum stækkunar á umhverfið og

náttúruna, við þurfum að hlusta á rökin með og á móti, við þurfum að taka þátt í umræðum um málið og við þurfum að finna fnykinn af tilraunum til að þagga málið niður.

Fyrir síðustu sveita- og bæjarstjórnarkosningar, árið 2002, varð frambjóðendum í Hafnarfirði tíðrætt um íbúalýðræði og hversu mikilvægt það væri að rödd íbúa fengi að heyrast þegar teknar væru mikilvægar ákvarðanir sem snertu umhverfið og samfélagið. Þáverandi minnihluti og núverandi meirihluti í bæjarstjórn, Samfylkingin, lagði sérstaka áherslu á þetta og talaði um að standa þyrfti vörð um lýðræðislegan rétt til áhrifa. Því þarf ekki að koma á óvart að á kynningarfundum deiliskipulags vegna stækkunar álversins í Straumsvík sl. sumar lofaði bæjarstjóri fundi um áhrif álversstækkunarinnar. Sá

fundur hefur enn ekki verið haldinn, þrátt fyrir að nærri því ár sé liðið frá kynningarfundinum.

Samfylkingin hefur reynt að telja bæjarbúum trú um að hún taki ekki afstöðu til stækkunar álversins. Hún hefur reynt að kaupa sér frest fram yfir bæjarstjórnarkosningar með því að flagga mögulegri kosningu um álverið þegar og ef þetta og hitt er komið í ljós. Staðreyndin er hins vegar sú að Samfylkingin seldi Alcan land fyrir fyrirhugaða stækkun. Á þann hátt hefur Samfylkingin gefið samþykki sitt fyrir stækkun álversins.

Við vinstri græn viljum sjá til þess að íbúðarlýðræði sé virt og að öll sjónarmið fái að njóta sín í umræðu um stækkun álvers í Straumsvík.

*Höfundur er í 1. sæti vinstri grænna í Hafnarfirði.*

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SIMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFFANG: [visir.is](http://visir.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNISLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](mailto:dreifing@posthusid.is) Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## HP Pavilion a1305 borðtölva



- Örgjörvi: AMD Sempron 3000+
- Vinnsluminni: 256 MB DDR SDRAM
- Harður diskur: 80 GB - Ultra DMA 7200 rpm
- Geislaskrifari: DVD±RW (+R dual layer)
- Skjástýring: ATI RADEON XPRESS 200, allt að 128MB
- Hljóðstýring: 5.1 channel surround
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home Edition
- 2ja ára HP ábyrgð

~~kr. 69.900~~  
**vikutilboð**  
**kr. 59.900**

### Minnisstækkun

Stækkun í 512MB **kr. 3.900**  
Stækkun í 1GB **kr. 9.900**



## 17" Pavilion vs17e flatur skjár

- Upplausn: 1280x1024 60Hz
- Birta: Allt að 300 nits
- Skerpa: Allt að 500:1
- Innbyggðir hátalarar
- 2j ára neytendaábyrgð



~~kr. 29.900~~  
**vikutilboð**  
**kr. 27.900**

## 19" Pavilion vs19e flatur skjár

- Upplausn: 1280x1024 60Hz
- Birta: Allt að 250 nits
- Skerpa: Allt að 500:1
- Innbyggðir hátalarar
- 2j ára neytendaábyrgð



~~kr. 42.900~~  
**vikutilboð**  
**kr. 33.900**

## HP Pavilion DV 1599EA fartölva

- Örgjörvi: Intel Pentium M 760, 2GHz, 533MHz
- Skjár: 14" WXGA 1280x768 Widescreen, BrightView
- Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
- Harður diskur: 100GB 4200rpm EIDE
- Geislaskrifari: DVD±RW (+R dual layer)
- Skjákort: Intel Graphics Media Accelerator 900, allt að 128MB
- Fjarstýring: HP Mobile Remote og HP Quick Play media player
- Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netkort)
- Bluetooth og Firewire
- Minniskortalesari: 6 í 1
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
- 2ja ára HP ábyrgð

~~kr. 169.900~~  
**vikutilboð**  
**kr. 149.900**



Vikutilboð gildir frá 15. - 20. maí 2006, eða meðan birgðir endast

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings-, sölu-, og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánú samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt.

### Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:

HP Búðin	Reykjavík	568 5400	Samhæfni	Reykjanesbær	421 7755
Office1	Um allt land	550 4100	TRS	Selfoss	480 3300
E-Bit	Akranes	575 9200	Bókaverslun P.S.	Húsavík	464 1234

Skoðaðu úrvalið á [www.fartolvur.is](http://www.fartolvur.is)

# Briðluð vikur!



invent



# Svar við opnu bréfi

UMRÆÐAN  
LAUNAMUNUR



GRÉTAR ÞORSTEINSSON  
FORSETI ASÍ

Sæl Sigurbjörg og þakka þér tilskrifid í Fréttablaðinu þann 5. maí síðastliðinn, þar sem þú vekur athygli á opnuauglýsingu í blöðum þann 1. maí. Þar eru dregnir fram ýmsir áfangar í baráttu verkalýðshreyfingarinnar á þeim 90 árum sem liðin eru frá stofnun Alþýðusambandsins.

Í greininni er óskað skjótra svara og afdráttarlausra við spurningum sem fram eru settar. Nú er það svo, að í greininni er ein setning sem hægt er að líta á sem spurningu - svohljóðandi: Ég velti því fyrir mér hvaða tilgangi slík tilhæfulaus auglýsing þjóni? Mér er ljúft að svara þessari spurningu. Auglýsingin þjónar þeim tilgangi, að rifja upp ýmsa af þeim áföngum sem náðst hafa í verkalýðsbaráttunni frá stofnun Alþýðusambandsins og leggja grunn að þeim lífskjörum sem íslenskt launafólk býr við í dag. Ég er þér ósammála um að auglýsingin sé tilhæfulaus og get ekki brugðist við þeirri fullyrðingu efnislega með öðrum hætti.

## Baráttan fyrir launajafnrétti

Varðandi tilefnið, þá er rétt að rifja upp það sem í auglýsingunni stendur – orðrétt: 1948 „Jöfn laun fyrir sömu vinnu!“ Fyrsta frumvarpið um jafnrétti kynjanna í launamálum er lagt fram. Frumvarpið fæst ekki samþykkt fyrr en árið 1962.“ Það er tæpast hægt að túlka þetta með þeim hætti að í auglýsingunni sé fullyrt að launajafnrétti hafi komist á með því einu að þetta frumvarp Hannibals heitis Valdimarssonar væri flutt á Alþingi. Því miður. Það breytir þó ekki því, að með þessu komst málið á dagskrá á Alþingi og Hannibal flutti það einum fimm sinnum áður en það var samþykkt árið 1962, eins og segir í auglýs-

ingunni. Þegar þetta var, höfðu heildarsamtök launafólks krafist jafnra launa kvenna og karla, raunar allt frá fyrstu árunum.

## Þarf meira til

Það vitum við síðan bæði, að það er ekki heldur nóg að frumvarpið hafi verið samþykkt. Ég tek heilsuhugar undir það með þér, að launamunur kynjanna sé ein af stærstu félagslegu meinsemdunum í íslensku samfélagi og að fram-sækin verkalýðshreyfing skuli hafa útrýmingu launamunar kynjanna sem forgangsverkefni. Um þetta eru félagsmenn í verkalýðshreyfingunni sammála. Þó svo ýmislegt hafi áunnist í þessari baráttu, er alltof langt í land í

jafnréttismálunum til að við verðum unað. Það er ekki síst þess vegna sem Alþýðusambandið ákvað á ársfundi sínum fyrir tveimur árum að setja enn meiri þunga í jafnréttismálin Við réðum starfsmann til að sinna þessum málum í kjölfarið og samþykktum sérstaka jafnréttisáætlun á síðasta ársfundi. fyrir sambandið. Ég vænti mikils af þessu starfi og heiti á félagi í verkalýðshreyfingunni að leggjast á árarar við að útrýma því misrétti sem launamunur kynjanna er. Þá munum við geta sagt Jöfn laun fyrir sömu vinnu! án þess að útskýra það frekar.

Með góðum kveðjum.

# Skuldakóngar vilja sparifé fólks

UMRÆÐAN  
VERÐTRYGGING



CARL J. EIRÍKSSON

Eins og fram kom í grein minni í Fréttablaðinu á dögunum glötuðust kr. 21.181.411 af kr. 29.899.167 umreiknað til verðlags í apríl 2006, sem voru í sparisjóðsbók 1. janúar 1973. Þessi verðbólguþjófnaður gerðist á aðeins sex árum, frá 1/1 1973-1/1 1979. Verðbólgan á tímabilinu var 606,68 % = margf.- stuðull 7,0668.

Verðbólgan 1979 var 54,64%, 1980 52,59%, 1981 47,57%, 1982 60,53% og 1983 73,36%. Á næstu 8 árum var verðbólgan líka allt of mikil, og aftur t.d. 8,61% árið 2001. Ófyrirsjáanlega mikil verðbólga er það sem er svona „öðruvísi“ á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þar segja stjórnmálafólk af sér en ekki hér.

Mikið væri gott að ná efnahags- umræðunni á Alþingi út úr ruglinu og ósannindunum og að geta fleygt út af Alþingi Lúðrikunum tólf og öðrum gróðapungum sem hata verðtryggingu og sem ekkert þykjast vita um verðtryggðu lánin í Danmörku, Svíþjóð, Englandi né Bandaríkjunum. Íslendingar vilja eiga möguleika á verðtryggðum innlánum í sparisjóðsbókum svo

að hægt sé að kenna íslenskum börnum að spara í stað þess að kenna börnunum að yfirvöldin steli mestöllu sparifé fólks til að gefa það gróðapungum og skuldakóngum sem borga vexti langt undir verðbólgu og sem borga enga verðtryggingu. Skuldakóngarnir réttlæta spillinguna með kaffibrandaranum frá Brasilíu þótt þeir viti að verðhækkanir minnki verðmæti hverrar einustu krónu.

Yrði verðtrygging bönnuð á Íslandi einu landa gæti slík spilling komið aftur því að næsta krafa skuldakónganna yrði þá væntanlega sú að sett yrðu aftur lög um hámarksvexti, óháð verðbólgu. Þeir myndu varla sætta sig við þá himinháu vexti sem nú eru á verðtryggðum útlánunum. Slíkir vextir myndu eyðileggja hagnaðinn.

Flestir íslenskir lántakendur vilja ekki óverðtryggð útlán því að þau hafa nú á tímum annaðhvort himinháa vexti eða gengisáhættu. Flestir vilja verðtryggð jafngreiðslulán. Þá greiða þeir jafnhátt verðmæti á sérhverjum gjalddaga allan lántímann. Við lántöku fá þeir strax að vita hve hátt það verðmæti er í krónum á þeim tímapunkti. Á langtímaskuldbindingum í verðbólgu er það endurgreiðsluverðmætið en ekki endurgreidd krónutala sem skiptir máli. Það virðast sumir aldrei skilja. Sé lán óverðtryggt veit lántakandinn

hinsvegar ekkert hvaða verðmæti hann þarf að endurgreiða. Því meiri sem verðbólgan verður því minna verðmæti mun hann greiða til baka. Hann hagnast á sem mestri verðbólgu.

Kauphækkanir eru oftast meiri en verðbólgan eða jafn miklar og verðbólgan til langs tíma lítið. Annars myndu allir um síðir deyta úr hungri. En allar hækkanir á greiðslum af verðtryggðum útlánunum eru alltaf alveg nákvæmlega jafn miklar og verðbólgan á lántímanum, hvorki meiri né minni. Allar greiðslur af verðtryggðum jafngreiðslulánunum eru því sama eða svipað hlutfall af launum. Það er lykilatriði og er þægilegast fyrir lántakandann. Þegar lántímanum lýkur hefur hann greitt sama verðmæti til baka og hann fékk að láni, auk vaxtanna. Það kalla ég sanngjarnt.

Verði evran tekin upp sem lögmætur gjaldmiðill þá verður verðtrygging almennra lána óþörf eftir nokkurn aðlögunartíma þegar sæmilegt jafnvægi hefur náðst. Tenging krónu við evru dugar ekki, þá tengingu má hvenær sem er slíta með lagasetningu. Nota verður sjálfa evruna. Þótt verðbólgan á Íslandi geti þá hugsanlega orðið meiri í stuttan tíma verður hún til lengdar eins og í síðmenntuðum löndum sem nota evru. Það ræðst af kaupmætti evrunnar í þeim löndum.

# Vindhögg stjórnlýndis

UMRÆÐAN  
STJÓRN MÁL



ÓLAFUR ALS

*Frjálslyndir menn vita sem er að málamiðlanir eru nauðsynlegar til þess að ófriður ríki ekki. Í stjórnmálum, sem annars staðar, takast á hugmyndir og stefnur og stundum verða menn undir í þeirri baráttu.*

